
*Aðalskráningskráning fornleifa í Raufarhafnarhreppi
og skráning fornleifa á
deiliskipulagsreit við Heimskautsgerði*



Ritstjóri: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Höfundar efnis: Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

FS635-16271
Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík
2016



Ljósmynd á forsíðu er af bæjartóft heiðarbýlisins Grashóls 056b:001 á Melrakkasléttu. Horft er til vesturs. Myndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir.

© 2016

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@instarch.is


www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	6
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	9
4. Fornleifaskrá.....	11
NP-056 Raufarhöfn.....	11
NP-056b Grashóll.....	51
5. Deiliskipulagreitir.....	60
6. Niðurstöður.....	63
Deiliskráingarsvæðið.....	67
Lokaorð.....	68
Heimildaskrá.....	69
Óprentaðar heimildir.....	70
Vefsíður.....	70
Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93.....	71
Viðauki II: Minjakort.....	73

1. Inngangur

Haustið 2016 hafði sveitafélagið Norðurþing samband við Fornleifastofnun Íslands ses vegna úttektar á fornleifum innan deiliskipulagsreits við Heimskautsgerðið á Raufarhöfn. Deiliskipulagsreiturinn sem um ræðir er 36 ha að stærð og er markmið skipulagsins að bæta aðgengi, öryggi og umferð ferðamanna um skipulagssvæðið en þeim hefur fjölgað mikið á Raufarhöfn líkt og annarsstaðar á landinu. Í kjölfar þess að taka út fornleifar á deiliskipulagsreitnum var ákveðið að slá tvær flugur í einu höggi og vinna einnig aðalskráningu fornleifa í hinum gamla Raufarhafnarhrepp sem afmarkast að mestu við fornu bújörðina Raufarhöfn.



© Landmælingar Íslands

Mynd 1. Raufarhafnarhreppur er staðsettur á norðausturlandi, á austanverðri Melrakkaslétu.

Skráningin fór fram í lok október og þrátt fyrir að dagsbirta færi minnkandi gekk hún með ágætum. Á aðalskráningarsvæðinu voru tvö lögbýli, annarsvegar Raufarhafnarbær NP-056 sem staðsettur er rétt norðan við þorpið og hinsvegar Grashóll NP-056b sem staðsettur er uppi á sléttunni, rúmum 7,5 km suðvestan við Raufarhafnarbæ. Deiliskipulagsreiturinn er norðvestan við Raufarhöfn, uppi á svokölluðum Melrakkaás. Innan hans fundust fjórir minjastaðir en í Raufarhafnarhrepp öllum voru skráðir 105 minjastaði í heildina.

Skráninguna unnu fornleifafræðingarnir Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir og var úrvinnsla og skýrslugerð í höndum þeirrar fyrrnefndu. Við skráninguna var farið á staðinn og deiliskipulagsreiturinn var genginn til þaula. Rætt var við staðkunnuga til þess að fá sem mestar upplýsingar um þekktu minjastaði og nákvæma staðsetningu þeirra. Á hverjum minjastað var staðhátta getið, gefnar leiðbeinngar um hvar staðinn var að finna og minjum lýst. Hnit voru tekin á minjastöðunum og þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þau teiknuð eða mæld upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðist hvort að þeir teldust í hættu og þá hvers vegna. Notaðar voru loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem sveitarfélagið lagði til. Minjastofnun Íslands lánaði Trimble Geoexplorer 6000 tæki til uppmælinga og eru þeim færðar þakkir fyrir lánið.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar skráningarskýrslur Fornleifastofnunnar Íslands. Hér er þó tveimur tegundum af skráningu, aðalskráningu og deiliskráningu, skeytt saman í eina skýrslu og verður hún örlítið frábrugðin því hefðbunda formi, þrátt fyrir að grófu drættirnir séu eins. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þeim þriðja er farið yfir þær aðferðir sem notaðar eru við skráningu. Í fjórða kaflanum er sjálf minjaskráin og fimmti kafli mun þá fjalla um deiliskráningarsvæðið. Í sjötta og síðasta kafla er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru viðaukar með hnitaskrá og minjakortum sem sýna dreifingu minjanna yfir skráningarsvæðið.

Skrásetjarar vilja nota tækifærið og koma á framfæri kærum þökkum til heimildarmanna sinna fyrir frábæra aðstoð og hlýjar móttökur.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrir en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,


- f. þingstaðir, meintir hörðgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsen 1847 númer fornleifar á tiltekinni jörð sérheiti hlutverk fornleifar tegund fornleifar hnattstaða í ISN93

Sýslutákn **SP-216:041** **Geitakofi** **tóft** **geitakofi** **X 579123 Y 584190**

"Skammt suður af Bæjarlæk, eins og 20 metra á holtaröðinni ofan við bæ, er hátt holt, sem



ljósmynd og uppmæling minjastaðar

Mynd 36. Tóft 041, horft til suðvesturs

heitir Geitakofi og ber við loft frá bæ séð," segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatúnsins, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatúnið hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtinu sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sést vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Vírgirðing er 20-30 m vestan við tóftina. Óræktað tún er umhverfis tóftina. Það hefur líklega verið sléttað að einhverju leyti. Þarna er gras, fjalldrapi og lyng í stórþýfi á köflum. Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og hringlaga. Hún er opin til NNV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö- Halldórsstaðir, 10

hætta sem stöðjar að fornleif

heimild sem vitnað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2. Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar

segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hættá á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í seinnihluta október 2016 fór fram úttekt á fyrirhugðu skipulagssvæði við Heimskautsgerðið á Raufarhöfn og samhliða henni, aðalskráning á þekktum minjum innan Raufarhafnarhrepps. Áður en farið var á vettvang var farið ítarlega yfir heimildir og loftmyndir grandskoðaðar. Þegar komið var á staðinn og áður en vettvangsrannsóknir hófust, var talað við staðkunnuga til að fá sem mestar og bestar upplýsingar um svæðið og minjarnar sem um ræðir.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.


Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarinnar í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar. Oft voru mörk merkjanlegra minja einnig mæld upp til þess að staðsetja þær enn betur. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarinnar. Þar sem getur um „heimild um..“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarinnar ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar

Í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru.

4. Fornleifaskrá

NP-056 Raufarhöfn

Heimatún Raufarhafnar NP-056



1695: 5 hundruð, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 304.

1709: 5 hundruð, konungseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 345

1847: 5 hundruð, Munkaþverárklosturseign, samkvæmt. Jarðatali Johnsens, 342.

Raufarhöfn er nefnd í Reykdæla sögu: "Svá er sagt, at Steingrímur gaf Hróa hundrað silfrs til þess at drepa Hánef, ef Vémundr sendi hann í Raufarhöfn til skips [...]" ÍF X, 164.

[1270 eða fyrr]: Rekaskrá Munkaþverárklosturs. "Þadan vestr hafnar ["Raufarhafnar" í öðru handriti] Reki til gegnis lekiar er sumer kalla torf lek," DI II, 90. [1296]: Rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklosturs. "Þetta er norðr Rekaskra holastadar. [...] Raufarhafnar Reki, Fra deildara ok til gegnislekiar jn sexttandi hlutr fiordungur i hualreka. Biskup a j vett ok tuttugu afreidzlu ok iij vetter afreidslu skinnastodum af oskiptum hual. [...] Rekaskraa Maudruvallna clauturs. [...] J Raufarhofn sextand lutr. Fiordungur þa er af er afreidzla biskup hefuer att vett ok .xx. afReidzlu en skinnastader .iij. vetter af vskiptum hual. [...] J raufarhofn allr uidReki mille gegnislekiar ok deildar aar," DI II, 307-314.

[1296]: Rekaskrá Munkaþverárklosturs. "halfan flutning vm raufar haufn til gegnis lækiar," DI II, 321.

[1296]: Rekar Jörundar biskups og Sigurðar lögmans. "En i Raufar hofn hinn tolfti lutr oskerdr ok attungur i hualreka. Þat er fylgt hefuer hermundar felli en til annars attungs soru þeir þorbiorn i hofn ok hallsteinn eiriksson ok baru biskupi ok siugurdi. Þa er allr vidreki," DI II, 316.

1318: Auðunarmáldagar. Skinnastaðakirkja: "J Raufarhofn hinn. xvj. hlut j hual ef rekur oc Egguer," DI II, 426. Grenjarðarstaðakirkja: "J Raufarhofn helmingur ef rekur. oc gialldi af attung af aullum samann. og. iij. oc. xx. vætter," DI II, 432. Munkaþverárklostur: J Raufarhof ntil gegnislækjar halfa flutning," DI II, 486. 1391: Máldagi Grenjaðarstaða. Rekaeign. DI IV, 19. Sbr. DI II, 432.

1394 og síðar: Pétursmáldagar Rekaeign Grenjaðarstaðakirkju, DI III, 580. Sbr. DI II, 432. Rekaeign Skinnastaðakirkju. DI III, 586. Sbr. DI II, 426.

1445: "hier j moti gaf herra biskuppinn gothskalk laxveidi alla þa holakirkia atti j deillardara nordr a sléttu er fellr a milli hols ok raufarhafnar klaustrinu a munkaþuera til obrigidiligrar eignar," DI IV, 672.

[1446]: Rekar og ítök Munkaþverárklosturs. DI IV, 698. Sbr. DI II, 90.

1446: Skrá yfir eignir Munkaþverárklosturs. "Raufarhafn. x. aurar. j. l(eigu)," DI IV, 700. 1461 og síðar: Ólafsmáldagar. Rekaeign Skinnastaðakirkju, DI V, 276. Sbr. DI II, 426. Rekaeign Grenjaðarstaðakirkju, DI V, 281. Sbr. DI II, 432. Rekaeign Munkaþverárklosturs, DI V, 304-305. Sbr. DI II, 90, 321.

[Um 1500]: Rekaskrá og máldagi Skinnastaðakirkju, DI VII, 466. Sbr. DI II, 426.

1525: Sigurðarregistr. Kirkjureikningur Munkaþverárklosturs. Rekaeign. DI IX, 310 Sbr. DI II, 90, 321. Rekaeign Grenjaðarstaðakirkju. DI IX, 324. Sbr. DI II, 432.

8.9.1563: Máldagi Múlakirkju. "J Raufarhofn helmingur ef rekur og giallda af attung. af ollum saman," DI XIV, 144.

"Raufarhöfn, í eyði síðan bóluna," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 345.

"Raufarhöfn, nyrsta kaupún á landinu, varð sjálfstætt sveitarfélag árið 1945. Áður var hér verslunarstaður og bújörð, sem tilheyrði Presthólahreppi. Raufarhöfn hafði talist kaupstaður frá 1836 en varð löggiltur verslunarstaður með konungstilskipun 1833," segir í Land og fólk, 360.

Túnakort [1920]: Túnstærð 1,8 hekt. Allt slétt. Sáðg. 56 m². Sveinstún: 1,1 hekt. Allt slétt.


"Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Silungsveiði lítil í Deildará. Eggver af æðifugli í þremur smáhólum í Hólmavatni viðlíka gott og áður segir um Ásmundsstaði en ekkert seinast bygt var. Skinnastaða kirkja á einn hólma í Raufarhöfn. Í hönum hefur áður verið gott eggver af æðifugli en Hollenskir sem safnast oftlega í þessa höfn hafa fordjarfað það og stytg fuglinn, so það er ekkert í nokkur ár. Selveiði af vöðusel með nótum var að fornu góð, en engin í margt ár þar eftir, meinast nú nokkur síðan bóluna, brúkast ei. Rekavon í meðallagi, og er Hólastól og Skinnastaðakirkju eignaður trjárekinn, en Grenjaðarstað og Múla og stólnum eignast hvalrekinn, en so rómast að rekaskránum beri ekki öldungis saman um þennan reka. [...] Túnið er mjög lítið og hefur aldri mikið verið. Engið er nokkuð í heiðinni en langt og ördugt til að sækja. Úthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir lækjum og tjörnum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, 345-346.

"Raufarhöfn [...] stendur rétt við sjó, bæjarleið austar en Ásmundarstaðir. Túnið er slétt, engjapláss mikið og grasgefið upp til lands. Við hafnarmynnið að norðanverðu, sem er á að giska 400 faðmar á breidd, er varphólmi, rét aðeins laus við fastalandið, að með bát má fara þar á milli með háflóði. Vöðuselsafla er hér inn með hafnarmynninu. Höfnin er ein með þeim bestu þegar inn er komið," segir í Sýslu og sóknalýsingum, 239-240.

"Sviplítið land við fyrstu sýn en leynir á sér, að mestu milli 20 og 40 metra hæðarlína, grýttir ásar, mýrlendi og lyngmóar og fjöldi smátjarna og stærri vatna," segir í Land og fólk, 360.



Mynd 3. Bæjarhóll Raufarhafnar 056:001, horft til austurs



Mynd 4. Teikning af bæjarhól 056:001

"Fyrsta reglulegt stjórnskipað manntal fór fram hér á Íslandi árið 1703. Þá er hér lágreistur torfbær og fámennur. Stendur ekki niður við höfnina, sem þó hefði mátt ætla, heldur uppundir Klifunum sem er lítt skiljanlegt og má helst ætla að þar hafi ráðið nálægð við gott vatnsból. [...] Næst þegar vitað er til Raufarhafnar átta árum síðar þegar höfundar Jarðabókarinnar, Árni og Páll, koma hér 1712 er enginn ábúandi á býlinu og talið að svo hafi verið frá því að bólan geisaði 1707 [...]" segir í Sléttungu III. Raufarhafnarbærinn er merktur inn á kort frá 1821 (prentað í Sléttungu III). Þá er búið að færa bæinn að höfninni en ekki er vitað hvenær það var gert. Sá bær er skráður undir númeri 032 í skrá þessari. Um 530 m eru á milli þessara bæjarstæða. Klifin eru náttúrulegur ás sem liggur þarna með ströndinni. Bærinn var við suðausturhorn hans, skammt vestan við nafnlausu tjörn. Á fyrrnefndri teikningu frá 1821 er sýnd leið frá bæ 032 að bæ 001 (sjá 084). Það bendir til þess að eldra bæjarstæðið hafi enn verið notað, líklega sem útihús. Á eldra bæjarstæðinu sést ekki eiginlegur bæjarhóll og lítið af uppsöfnuðum mannvistarlögum. Þar er einungis ein tóft og sé tekið mið af ástandi hennar er hún ekki mjög forn.

Umhverfis bæinn er gróið tún. Það er komið í órækt en líklega var það slegið áður fyrir. Túnið er fremur flatt, inn á milli eru lágir grjóthryggir og gróðurþekjan er þunn. Sjór hefur gengið hér yfir, sjóvarnargarður er á kampinum og þar er rof. Grjót hefur gengið inn á túnið og mikið rusl er í túninu og við ströndina. Ruslið saman stendur aðallega af bárujárni, rekavið og plastlutum. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir stærð túnsins.

Austurhlíð Klifanna er 7 - 10 m á hæð og grýtt. Bærinn er fast við brekkuræturnar, á fremur flötu svæði. Bæjarhóllinn er 23 x 12 m að stærð, 0,2 - 0,3 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Í lýsingu þessari fær hann bókstafinn A ásamt þeim mannvirkjum sem á honum eru. Sigin tóft er á suðurhluta bæjarhólsins. Hún er 12 x 12 m að stærð, einföld og veggirnir eru algrónir. Þeir eru greinilegastir til austurs og suðurs. Þeir eru 0,2 - 0,3 m á hæð, 1,5 - 2 m á hæð og útflattir. Þúfur gefa legu þeirra til kynna fremur en grænka eða skýrar hleðslur. Í suðvesturhorni glittir í nokkra stóra steina. Norðurhluti bæjarhólsins er lægri, 0,2 m á hæð og mjókkar til norðausturs. Sem fyrir er það þýft svæði sem gefur umfangið til kynna fremur er greinilegar mannvistarleifar. Um 15 m fyrir suðaustan bæjarhól A er tóft B. Hún er líklega yngri, ástand hennar bendir til þess. Hún er 9 x 6 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er opin til suðvesturs. Veggirnir eru torfhlaðnir, 0,5 - 1 m á hæð og hvergi sést glitta í grjót.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Sléttunga III, 17



Mynd 5. Kirkjugarður 056:002, horft til norðvesturs

malarvegi að vitanum uppi á Höfða. Vegurinn liggur fast vestan við kirkjugarðinn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sléttunga III, 34, 156

"Jón Einarsson lést þann 19. nóvember 1920. Var hann fyrsti maðurinn sem borinn var til grafar í nýjum kirkjugarði Raufarhafnar á Höfðanum og var garðurinn vígður við athöfnina. [...] Í hallanum upp á Höfðann er kirkjugarðurinn sem tekinn var í notkun 1920 en stækkaður fyrir allmörgum árum og er vel við haldið," segir í Sléttungu III. Kirkjugarðurinn telst ekki til fornleifa en vegna sögulegs mikilvægis fær hann sinn stað í þessari skrá. Hann er um 420 m suðaustan við Lundshús 009 og 720 m sunnan við bæ 001. Kirkjan er reist 1927-1928, nokkrum árum seinna er kirkjugarðurinn.

Kirkjugarðurinn er ennþá í notkun. Hann er í aflíðandi halla til norðurs, niður Höfðann, austan við höfnina. Umhverfis hann er hvítmáluð timburgirðing. Hann er 50 x 46 m að stærð og fimmhyrndur. Suðvesturhornið tekur mið af



Mynd 6. Raskið þar sem kálgarður 056:003 var, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1918-1920 var kálgarður um 270 m austan við Lundshús 009, við túnjaðar. Kálgarðurinn var 60 m SSA við útihús 004. Á túnakortinu eru sáðgarðar sagðir 56 m² og kemur það saman við flatarmál þessa ferhyrnings. Þar sem kálgarðurinn var staðsettur er mikið jarðrask. Þar er búið að grafa nokkar gryfjur, sumar hverjar reglulegar og ein nýleg tóft er þar. Tóftin var ekki skráð enda mjög ung. Ekki er vitað hver tilgangur þessara mannvirkja er. Á loftmynd sem tekin var af Raufarhöfn 1989 af Mats Wibe Lund sést bygging á þessum stað. Grasivaxið, óræktað svæði. Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort Raufarhafnar 1920; Mats Wibe Lund (1989)

Um 250 m austan við Lundshús 009 er hringlaga mannvirki merkt inn á túnakort frá 1918-1920. Hér er um úthús að ræða. Það var 60 m NNV við kálgarð 003. Útihúsið er horfið, það er komið undir malarveg upp á Höfðann og að kirkjugarði 002. Meðfram malarveginum er gróið, óræktað svæði. Hvergi sér til uppsafnaðra mannvistarlaga. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort Raufarhafnar 1920



Mynd 7. Líkleg staðsetning lendingar 056:005, horft til vesturs

"Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og máttu ganga so mörg skip sem ábúandi fjekk við komið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Víða var hægt að lenda í Raufarhöfn en ekki er vitað hvar nákvæmlega lent var á 18. öld. Helgi Ólafsson, heimildamaður, sagði að ein besta lendingin hefði löngum verið innst í höfninni. Það er ennþá sandfjara austast í höfninni, næst Höfðanum. Öðrum hlutum strandlengjunnar í höfninni hefur verið rakað með magvíslegum framkvæmdum.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM XI, 346

"Þá förum við suður með, og næst við lækinn [Gegnislæk] er smávík, sem heitir Stekkjarvík. Upp frá henni er Stekkur, en fram af henni Stekkjarflúð," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var um 770 m norðan við bæ 001 og rúmum 330 m austan við mógrafir 041. Stekkurinn er horfinn og ekki vitað hvar hann var nákvæmlega staðsettur. Ekki tókst að finna heimildamenn fyrir bújörðina Raufarhöfn, utan þéttbýlis, né sáust greinileg mannvistarlög á yfirborði. Framræst mýri er meðfram Gegnislæk. Svæðið er nýtt til beitar en á kampinum við sjóinn er þurrrent. Þar er grýtt svæði og vegslóði. Engin ummerki stekkjarsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 1



Mynd 8. Túngarður 056:007, horft til suðaustus

Garðlag sést austan við bæ 001, norðan við tjörnina sem þarna er. Garðlagið liggur eftir sjávarkampinum og sjóvarnargarður er þar 10 m norðar, í fjöruborðinu. Sjóvarnargarðurinn er líklega gerður undir lok 20. aldar. Ekki er útilokað að hér sé um eldri sjóvarnargarð að ræða eða túngarð umhverfis tún Raufarhafnar 001. Umhverfis garðlagið er óræktað tún. Þar er mikið af rusli, bæði timbri og járni. Grjótdreif úr garðlaginu er áberandi og gróðurþekja er þunn.

Túngarðurinn er 65 m að lengd og hlykkjast norðvestur-suðaustur. Hann er 0,4 - 1 m á hæð, grjóthlaðinn en gróinn efst. Hann er mun lægri til norðausturs en suðvesturs. Það má sjá timbur í garðinum á kafla og ekki er víst að hann sé mjög forn. Hann er 1,5 - 3 m á breidd og það má sjá 1 - 2 umför á grjóthleðslu í honum hér og þar. Fyrir neðan (norðan) garðinn er mikið rusl og annað brak.

Hættumat: hættu, vegna landbrots



Mynd 9. Hólminn og Sandvík 056:008, horft til ASA

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 2; JÁM XI, 346

"Við Hólmann er lending, þar sem heitir Sandvík. Þar þarf stiga til að komast upp," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Skinnastaðakirkja á einn hólma í Raufarhöfn. Í hönum hefur áður verið gott eggver af æðifugli, en Hollenskir sem safnast oflega í þessa höfn hafa fordjarfað það og stygt fuglinn, so það er ekkert í nokkur ár.“ Hólminn er ekki landfastur og skrásetjarar komust ekki þangað. Hólminn er 70 m suður af Höfðanum og sést vel. Sandvík er við norðvesturhorn Hólmans og þar var, eða er, stiginn. Lendingin er rúman 1,1 km sunnan við bæ 001.

Hólminn er 140 m að lengd og mest um 40 m á breidd. Hann er sem fyrir segir sunnan við Höfðann og vesturhlíð hans er brött og hamrar þar. Hægt er að komast upp á hólmann að austan án stiga.

Hættumat: engin hætta



Mynd 10. Lundshúsið 056:009, byggt 1911 – rífið 1990. (Heimild: Sléttunga III, bls. 46)

"Þá er í túninu tjörn, sem heitir Lundhústjörn, sem er norðvestur af kirkjunni, sem nú er," segir í örnefnaskrá (AG). Á korti frá árinu 1821 og birt er í Sléttungu III er uppdráttur á Raufarhöfn. Þar er þessi tjörn kölluð Bæjar - eða Bárarvatn. "Árið 1910 byggði Maríus íbúðarhús úr timbri á jörðinni, stórt og vandað að þeirra tíðar hætti, sem enn stendur og hefur til þessa verið nefnt Lundshús," segir í minningargrein um Rannveigu Lund í Tímanum 1961. "Mér er í barnsminni, hve hrifinn ég varð af Lundshúsinu í fyrsta skipti sem ég kom til Raufarhafnar, og varaði sú hrifning raunar alltaf. Stíll hússins fannst mér mjög fallegur, svo var það málað utan og með fínum svölum. Slíkt var þá óvenjulegt. Enda mun það þá, og lengi síðan, hafa borið af flestum húsum hér um slóðir," segir í minningargrein um Rannveigu Lund í Tímanum 1962. "Amma og afi

[Rannveig og Maríus Jóhann Lund] eru stórhuga og hefja þegar byggingu á nýju íbúðarhúsi. Með bréfi dags. 11. sept 1911 er Maríusi seld á leigu lóð ... [""]... í Raufarhafnartúni, er hann hefur byggt íbúðarhús sitt á [...]" Og sannarlega vakti þetta fallega hús þeirra, núja Lundshúsið, athygli allra sem til Raufarhafnar komu, hvar það stóð á sléttri báru fyrir botni hafnarinnar. Þetta var tvílyft timburhús með frekar lágu risi og kjallara; hvítt með rauðu þaki. [...] Eftir að Lundshúsið var orðið eign síldarsöltunarstöðvarinnar [1957] hófust miklar byggingarframkvæmdir á lóðinni. [...] Hin nýja bygging var steipt þvert - um og inn í Lundshúsið [...] Um 1990 var ákveðið að rífa húsið," segir í bókinni Af heimaslóðum e. Níels Árna Lund. "Lundshúsið var innlimað í síldarsöltunarstöðina Norðursíld 1958 og rífið 1993. Vel má sjá grunn hússins í steypu planinu," segir í Sléttungu III. Austur af Grund (055) er Lundshús merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III).

Lundshús var um 520 m suðvestan við bæ 001, við höfnina. Eins og segir hér ofar var húsið rífið um 1990. Lundshús stóð hornrétt á steinsteipt hús sem þarna er, við norðvesturhorn þess. Steipta húsið kallast Norðursíld, líklega eftir starfsemi sem þarna var. Þarna eru nú grunnar yngri húsa og steinsteipt bílaplön.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 2; Níels Árni Lund, 57-58, 71-72; Tíminn 15.11.1961, 6; Tíminn 29.01.1962, 13; Sléttunga III, 14, 17, 157

"Þá eru í túni Tjarnarbára og Sjávarbára. Milli þeirra sér fyrir tóftum, sem sennilega eru Hollendingabúðir," segir í örnefnaskrá. "Til er lóðabréf útgefið fyrir bygginguna [Búðina (011)] af settum sýslumanni H. Kröyer. Í bréfi þessu segir meðal annars: "Á svo nefndri Báru, þar sem þær hollenzku tóftir eru, útmælum við pláss fyrir sjálfan kaupstaðinn [...]" segir í Árbók Þingeyinga 1959. "Það er talið að eitthvað hafi vottað fyrir húsatóftum hér á Raufarhöfn, þegar Búðin var byggð og héldu menn þá að það hefðu verið verbúðir," segir í Leiftur frá liðnum tímum e. Kristinn Kristjánsson. "Við botn hafnarinnar stóðu, að talið er, hollensku búðirnar sem getið er um í Jarðabók Árna og Páls. Helgi segir mér að þegar höfnin var dýpkuð og gengið var á sjávarbakkann hefðu sumir haft væntingar um að finna einhver merki búðanna en svo var ekki. Annars er líka bent á að þær gætu hafa verið svolítið sunnar með höfninni en við látum þær hvíla afskiptalausar í þetta skipti," segir í Sléttungu III.


Hollensku búðirnar voru um 100 m austan við Lundshús 009 og 500 m sunnan við bæ 001 samkvæmt Helga Ólafssyni, heimildarmanni. Þar er nú flatt malarplan austan við kirkjuna. Eins og segir í textanum hér frammar er eitthvað að reiki hvar hollensku tóftirnar voru, þær gætu einnig verið þar sem Búðin 011 var reist rúmum 310 m vestar. Öllu þessu svæði hefur verið umturnað og líklega ekkert eftir af minjum undir sveði. Skrásetjara er ekki kunnugt um hvenær búðirnar voru rifnar og höfnin dýpkuð en það eru nokkrir áratugir síðan. Ekki hefur verið byggt hús á þessum slóðum né er vitað af hverju tóftirnar eða búðunum var rutt út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 2; ÁP 1959, 33; Kristinn Kristjánsson, 187; Sléttunga III, 156

NP-056:011 Búðin heimild verslunarstaður

A: 665858 N: 636033



Mynd 11. Búðin 056:011 árið 1954 (Heimild: Sléttunga III, bls. 35)

"Búðin var fyrsta verslunarhús á Raufarhöfn og með elztu húsum á landi hér; brann sumarið 1956," segir í örnefnaskrá. "Höndlunarhúsið stendur sunnan til við túnið, sem er svovel íveru- sem pakkhús af timbri með 2 Etager," segir í Sýslu- og sóknalýsingum. "Verslunarfyrirtækið Örum & Wulff keypti stórt timburhús í Kaupmannahöfn, lét taka það þar niður og flytja til Raufarhafnar með skipi vorið 1835. Þetta hús var reist á Raufarhöfn af Þorsteini á Skipalóni við Eyjafjörð. Hús þetta var ætíð nefnt Búðin og stóð hér allt til ársins 1956 að það brann. Verslun og íbúðir voru allan þennan tíma í Búðinni en í ýmissa eigu þar á meðal Gránufélagsins. Síðast voru það Bræðurnir Einarsson sem þar voru með verslunarrekstur frá 1896 til þess að húsið brann. Allt frá árinu 1835 til

1895 eða um 60 ára skeið var þetta eina fasta verslunin á svæðinu frá Vopnafirði til Húsavíkur," segir í Land og fólk (1985). "Hús þetta hafði staðið um 120 ár hér á landi en var flutt hingað á tveimur skipum frá Nýbúðum í Kaupmannahöfn. Talið er að þangað hafi það verið flutt úr einhverjum Hansabæ Þýskalands. [...] Stærð hússins að utanmáli var 36x18 álnir og var það tvær hæðir, hvor 3 1/2 alin undir bita, en þeir voru allt upp í 8-10 þumlungar. Breiðustu borðin innan í herbergin voru allt að 22 þumlungar. Ris var 12 álnir," segir í Árbók Þingeyinga 1959.

"Búðina smíðaði Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni við Eyjafjörð og sveinar hans, og var hún á lokadegi eftir 121 ár með öllum sömu ummerkjum og þá er þeir skildu við hana, en ytra borð að vonum nokkuð hrörlegt orðið," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1965. "Hér með auglýsist, að verslunarhús [011] Gránufélagsins á Raufarhöfn með bryggju, verslunaráhöldum og einu salthúsi [045] er til sölu [...]" segir í Sléttungu III (úr Austra 29. tbl. 1893). Annars staðar í Sléttungu segir: "Má sjá grunn Búðarinnar í dag á planinu milli Óskarsbraggans og Óðinsbraggans, núverandi Hótel Norðurljósa." Verslunar- og íbúðarhús Bræðranna Einarssona með bryggju og skúr framan við er merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III).

Búðin er rúmum 700 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 220 m VSV við Lundshús 009. Þar stendur nú hús Hótel Norðurljósa og bílaplan sem því fylgir. Malbikaður vegur liggur norðan við hótelið og höfnin er til suðurs. Grunnurinn sem stóð á svæðinu er með öllu horfinn og engin ummerki eftir húsið sjást nú á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 2; SSP, 240; LF 1985, 145-146; ÁFÍ 1965, 82; ÁP 1959, 33-34; Sléttunga III, 14, 33, 162

"Þá eru tættur, sem hétu Skuld; var elzta veitingahús á staðnum. Var á Sveinstúni, sem var suðvestan við Búðina [011]," segir í örnefnaskrá. "Ágúst Þorsteinsson byggði "Skuld" eftir 1884, nokkuð vestan við Búðina, mun það hús hafa verið úr timbri, það var flutt austur í Kollavík þegar Ágúst fór," segir í Leiftur frá liðnum tímum e. Kristinn Kristjánsson. „Bjarni Þorsteinsson varð annar hreppstjóri sveitarfélagsins, keypti borgarabréf og rak smáverslun með búskapnum. Verslaði hann mest með afgangsvörur frá "spekulantaskipum" [...]. Hann byggði fyrir þessa verslun sína hús suður við lækinn rétt sunnan við lóðarmörk "Búðarinnar". Síðar keypti það hús Ágúst Þorsteinsson frá Hermundarfelli og gerði það að gistihúsi. [...] Ágúst Þorsteinsson og Katrín Þorsteinsdóttir hafa á þessum árum keypt hús Bjarna borgara, fram við lækinn og þar búist um, til gisti- og veitingasölu, en til þess þurfti að breyta nokkuð innan húss. Ágúst nefndi nú húsið "Skuld" því hann hefur trúlega lent í einhverja skuld við kaupin á húsinu og breytinguna þar innan veggja." segir í Sléttungu III.


Húsið Skuld stóð rúmum 40 m sunnan við Búðina 011, nær höfninni, þar sem Hótel Norðurljós stendur nú (2016). Ekkert sést til minja á staðnum enda var húsið flutt til Kollavíkur þegar Ágúst flutti burt. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær það var en það hefur verið nokkru eftir 1884. Þarna er nú malbikað bílaplan og Hótel Norðurljós. Malbikaður vegur liggur norðan við hótelið og höfnin er til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 2; Kristinn Kristjánsson, 187; Sléttunga III, 25, 128



Mynd 12. Tóft 056:013, horft er til VNV



Mynd 13. Teikning af tóft 056:013

"Tjarnarkot er nefnt að sunnanverðu við hafnarmynnið. Tættur sjást og lítið túnstæði. Þar er lítið vatn með hólma, sem máskæ gæti orðið lítill varphólmi," segir í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu. "Sunnan við Holtið (svo) er Kotvík og Kotvíkurbára. Í víkinni er Kotflúð og Kot. Upp frá víkinni vestan við Kotið er Kottjörn," segir í örnefnaskrá. Hér er um sama stað að ræða. Kot er merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1821 (prentað í Sléttungu III). Þar er bærinn uppi á hól/holti. Við kortið stendur í bókinni: "Bærinn Kot er staðsettur á bæjarstæði Hjaltabakka." Annars staðar í Sléttungu III segir: "Við beinum augum okkar að ströndinni og staðnæmumst við hæð handan við sundið. Þar hefur fyrrum trúlega staðið bærinn Kot og styðja þá tilgátu nöfn Kotflúðarinnar sem gengur þar fram í sjóinn, Kottjarnarinnar sem er rétt upp af ströndinni og Kotbárunnar við Framnesið. Þarna á hæðinni stóð í um hálföld húsið Hjaltabakki sem Hjalti Friðgeirsson byggði 1940 í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar og utan skipulags hreppsins. [...] Húsið var hins vegar eins og mörg önnur rífið í lok aldarinnar en eftir stendur myndarlegur bæjarhóllinn."

Kot er um 1,4 km sunnan við bæ 001 og um 160 m norðvestan við Merkin 014. Það er á reiki hvar bærinn var, tóftir eru rúmum 50 m norðaustan við hæðina sem Hjaltabakki var á og Helgi Ólafsson, heimildarmaður, telur vera bæjartóftirnar. Hnit var tekið á báðum stöðum, tóftinni og hólnum þar sem Hjaltabakki stóð. Kottjörn er rúmum 40 m sunnan við bæjartóftina. Þar á milli er gróið og

þýft mýrlendi. Við fjöruna er þurr bakki/bára. Vegslóði liggur þar, fast norðaustan við tóftina og upp á hólinn þar sem Hjaltabakki var. Fyrrum íbúar þar hafa reist vörðu þar sem húsið stóð. Bæjarhóllinn er á mörkum þurrlendis og mýrar. Hann er 25 x 11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 0,3 m á hæð, stórþýfður og algróinn. Tóftin er á suðausturhluta hólins. Hún er 12 x 7,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í 3 hólf. Gengið er inn í tóftina á miðri suðausturhlíð. Þar er komið inn í hólf 1 sem er stærst hólfanna. Það er 5,2 x 2,3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,3 - 0,4 m á hæð og uppsöfnuð mannvistarlög eru þar 0,1 m. Þeir eru 1 - 2 m á breidd og algróinir. Það er gengið inn í hólf 2 í austurhorni hólf 1. Það er mun minna, 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur - suðvestur. Veggirnir eru eins og í hólf 1. Hólf 3 er norðvestast í tóftinni. Gengið er inn í það að utan, til suðvesturs. Það er 2,5 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ástand veggjanna er eins og í hinum hólfunum. Til norðurs gengur þúst frá bænum, líklega grjóthruga. Hún er 3 x 3 m að stærð. Bæjartóftin er umfangslítill og sést illa fyrr en að henni er komið. Húsið Hjaltabakki stóð á grónum kletti eða hól við sjóinn. Á fyrrnefndu korti frá 1821 er bærinn sýndur þar enda mun ákjósanlega bæjarstæði þar. Ekki sér til uppsafnaðra mannvistarlaga og ljóst að bygging Hjaltabakka raskaði því svæði mikið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 3; Sléttunga III, 17, 155; SSp, 240

NP-056:014 Merkin heimild samgöngubót

A: 636398 N: 664927



Mynd 14. Vitinn sem gegnir nú hlutverki siglingarmerkis



Mynd 15. Líklegar undirstöður vita eða siglingarmerkis

"Þá eru Sundaklappir; þar við var áður innsiglingarmerki, nú viti. Þá er Holtsnöf," segir í örnefnaskrá (AG). "Sundaklappir. Merkin (innsiglingarmerki, nú viti)," segir í örnefnaskrá (NL & GJ). Innsiglingarmerkin eru horfin. Þau voru rúma 170 m suðaustan við Kot 013 og rúman 1,5 km sunnan við bæ 001. Á þessum stað er nú lágur viti í fjöruborðinu. Hann er gulur og áberandi. Skammt ANA sjást undirstöður annarrar byggingar, líklega var hér annar viti eða merki. Byggingin er ekki forn, grunnurinn er gerður úr grjóti og steinsteypu. Fjaran er grýtt en til vesturs er gróin mýri. Vegslóði liggur á milli vitans og grunnins. Engin ummerki merkjanna sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 3; Ö-Raufarhöfn NL & GJ, 2

NP-056:015 Helluvað heimild vað

A: 636052 N: 663907



Mynd 16. Brúin yfir Helluvað 056:015, horft til VNV

"Þá er í ánni [Deildará] Lón, svo Grjót og Helluvað, þar sem brúin er á ánni," segir í örnefnaskrá. Helluvað er tæpum 400 m ASA við Ytrivog 021 og 2,5 km sunnan við bæ 001. Deildará er á mörkum Raufarhafnarhrepps og jarðarinnar Hóls, og um leið hinnar fornu bújarðar Raufarhafnar. Brúin er steinsteypt og 3 - 4 m eru niður að ánni. Gerð brúarinnar raskaði vaðinu að öllum líkindum. Deildará er grunn á þessum slóðum. Ekki er gott að finna nothæft vað yfir Deildará, farvegurinn er grýttur. Við Helluvað er engin undantekning á því, það var líka grýtt. En inn á milli eru hellur og þar var farið. Framræst tún eru beggja vegna árinna. Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 3

NP-056:016 Glápavatsvarða varða óþekkt

A: 634377 N: 665196



Mynd 17. Glápavatsvarða 056:016, horft til austurs

"Austur af Glápavötnum er Glápavatsvarða," segir í örnefnaskrá. Varðan er 1,78 km VSV við Búðina 011 og 2,3 km VSV við bæ 001. Hún er norðaustarlega á hæsta odda Miðáss. Til austurs og norðurs eru Glápavötnin tvö. Hún stendur á smáþýfðu holti sem vaxið er lyngi og mosa. Víða standa stórir stakir steinar og hellur á holtinu. Varðan er fallega hlaðin úr hellugrjóti og er nánast ferköntuð. Hún er 1 x 1 m að stærð og 0,6 m að hæð. Það sést í 10 - 14 umför af hleðslugrjóti, fer eftir stærð grjótsins. Hún er vandlega hlaðin með fjórum röðum í botni og haldast raðirnar þannig að toppi vörðunnar en þar situr einn stór steinn og annar lítil ofan á honum. Varðan situr á flatri klöpp.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 3

NP-056:017 tóftir beitarhús/sel


A: 633825 N: 661125



Mynd 18. Tóft 056:17a, horft til norðvesturs



Mynd 19. Tóft 056:17b, horft til norðvesturs



Mynd 20. Teikning af tóftum 056:017a og 056:017b

Lýsingin hefst til norðurs, á tóft A sem eru beitarhúsin. Tóftin er 24 x 18 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í þrjú hólfi. Hólf 1 er suðvestast. Það er 12 x 8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 1 - 1,2 m á hæð og í þeim má greina 8 - 15 umför af grjóthleðslu. Þeir eru 2 m á breidd og torf er ofan á þeim. Þar sést einnig glitta í bárujárn. Tveir grjóthlaðnir garðar eru inni í hólfinu, báðir 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Í austurenda syðri garðans er steinsteypt fjárbað. Tvö op eru inn í hólfið, eitt til suðausturs, inn í hólfið, og annað til norðvesturs, yfir í hólf 3. Fyrir norðan syðra opið sést stuttur aðrekstrargarður eða óljós ummerki um annað hólf. Hólf 2 er norðaustan við hólf 1. Það er 6 x 6 m að innanmáli og veggirnir eru umfangsminni en í hólfi 1. Þeir eru eins að gerð, grjóthlaðnir með torfi efst. Veggirnir eru hlaðnir úr hellum sem eru víða hér og henta vel til húsagerðar. Þeir eru 0,4 - 0,6 m á hæð og það eru 4 - 7 umför af grjóthleðslu í þeim. Hólfið er opið til suðausturs. Inn í hólfinu er grjóthlaðinn garði, 0,2 m á hæð. Hólf 3 er vestan við hólf 1. Það er ólíkt hinum hólfunum og mögulega var þetta rétt. Það er 8 x 6 m að innanmáli og snýr norðvestur - suðaustur. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, 0,5 - 1 m á breidd og torfhlaðnir. Op er til suðausturs, úr hólfi 1. Tóft B er 15 m sunnar. Hún er 4 x 3 m að stærð, einföld og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru torfhlaðnir, 0,4 m á hæð, 1 m á breidd og algrónir. Tóftin er opin til suðurs en þar er jafnframt rask og veggirnir útflattir og horfnir að hluta. Þýfður bakki gefur legu þeirra til kynna. Ekki sér til fleiri mannvirkja á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

NP-056:018 Raufarhafnarsel heimild sel

"Þá eru vestur af Langajarðbakka svonefndar Raufarhafnargrænur og í þeim Raufarhafnarsel," segir í örnefnaskrá. Raufarhafnarsels er einnig getið landamerkjalyngu í örnefnaskrá Niels Lund og Guðmundar Jónssonar. Þar segir: "Landamerki: Áður talin að norðan. Að sunnan Deildará upp að Sellæk, þaðan í Hvilftarhól í Raufarhafnarsel í Hvannlæk, þar sem hann kemur í Grænulæk." Ekki fannst heimildarmaður sem þekkti staðhætti upp á heiðinni né örnefnið Raufarhafnarsel. Selið var líklega suðaustan við Rifshæðarvötn en hvar nákvæmlega er ekki vitað. Langajarðarbakki er umfangsmikill ás og mikið landsvæði sem kemur til greina þar sem selið á að hafa verið. Rifshæðarvötn eru um 9 - 10 km suðvestan við bæ 001 og ekki reyndist unnt að komast á staðinn á þessum árstíma (október). Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 4; Ö-Raufarhöfn NL & GJ, 2

Tvær tóftir eru rúma 2,4 km NNA við Grashól NP-056b og tæpa 6 km SSV við bæ 001. Að sögn Helga Ólafssonar, heimildamanns, voru þetta beitarhús frá Grashól. Vörðuð leið (sjá 087) liggur frá Grashóli að beitarhúsunum og að öllum líkindum áfram til Raufarhafnar. Ekki er vitað hversu lengi beitarhúsin voru notuð en líklega var það fram undir miðja síðustu öld, en þá fer Grashóll í eyði. Ekki er útilokað að hér sé um sel 019 að ræða og beitarhúsið sé byggt í tóftum þess. Frekari heimildir þarf til þess að staðfesta hvort að um selið sé að ræða.

Tóftirnar eru austarlega á lágum ás. Leið 087 liggur eftir þessari sömu brún til norðurs, allt að tóftunum. Bratt er niður til austurs frá tóftunum og mýrlent þar. Mosi, lyng og annar heiðargróður er áberandi á þessu svæði. Landslagið einkennist af lágum klapparásum og mýrlendi með tjörnum og vötnum inn á milli þeirra.

Tóftirnar eru á svæði sem er 40 x 23 m að stærð og snýr norður-suður.

NP-056:019 *Sellækur* heimild sel

"Kerlingarhamrar eru syðst á svonefndum Seljajarðbakka og Glápavatnspúfa nyrzt. Seljajarðbakki er upp af Ennabrúnunum fyrrnefndu, og suður af honum, við Deildará, er Selflói. Um hann rennur svo Sellækur í Deildará. [...] Vestur af Seljajarðbakka er Seltjörn," segir í örnefnaskrá. Hér er um annað sel, en Raufarhafnarsel 018, að ræða, það er um 6 km vestar. Helstu heimildir um sel á þessum slóðum eru örnefnið Seljarðbakki, Seltjörn og Sellækur en ekki fékkst heimildarmaður fyrir heiðlendi Raufarhafnar. Örnefnið Seljajarðbakki er auk þess á reiki heimildum, það er líklega vitlaust staðsett í örnefnaskrá. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 4

NP-056:020 heimild skemma

A: 635968 N: 665277

"Og það voru fleiri en þeir bræður [Einarssynir] sem byggðu íshús [...] og á Raufarhöfn byggði Björgvin Jóhannson frá Rífi sér íshús uppi á túni sem svo var kallað. Þar var beitan geymd, og svo bjóðin eftir að þau höfðu verið beitt," segir í Sléttungu III. Íshúsið var rúmum 730 m sunnan við Lundshús 009 og 370 m norðvestan við Kot 013. Íshúsið var byggt fast austan við Nónásinn. Þarna er nú lækniúsið á Raufarhöfn og heilsugæsla. Þessi hús eru við Aðalbraut 31 og 33. Bakgarðar lækniússins og heilsugæslunnar liggja saman. Íshúsið var þar uppi við ásinn. Þarna er mikið jarðrask vegna bygginga sem þarna voru reistar og greinilegt að jarðvegi var mokað þaðan í burtu. Beinir bakkar sjást við húsin, við rætur Nónáss. Trjágróður og gras er vestan við húsin. Engin ummerki íshússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Sléttunga III, 87

NP-056:021 *Ytrivogur* tóft býli

A: 636414 N: 664061



Mynd 21. Bæjartóftir á Ytrivogi 056:021, horft til norðurs



Mynd 22. Teikning af tóftunum á Ytrivogi

"Ytrivogur (eyðibýli, nú byggt aftur, þó ekki á sama stað)," segir í örnefnaskrá. Ytrivogur er tæpa 2,4 km sunnan við bæ 001 og um 330 m norðaustan við Voga 043. Tóftin er á sjárvarkampinum við Hrutavog. Bæjartóftin er ennþá varðveitt auk yngri húss um 30 m austar. Það hús er hálfklárað, aldrei var lokið við byggingu þess um miðja síðustu öld. Umhverfis minjarnar er óræktaður túnblettur. Ekki er vitað hvenær býlið byggist fyrst upp en líklega þó ekki fyrr en seint á 19. öld eða seinna.

Bæjartóftin er 20 m norðan (ofan) við fjöruna, á malaröldu. Umhverfis hana er gróið svæði, ræktað tún sem komið er í órækt. Gróðurþekja er þunn og stutt niður á grjóti. Bæjartóftin er ekki á bæjarhól og lítið sem ekkert sér til uppsafnaðra mannvistarlagar þarna. Tóftin er 26 x 10,5 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 3 hólf. Tóftinni var raskað með útihúsi sem var byggt við norðurhlíð hennar en það hefur verið rífið. Útihúsið sést á loftmynd frá 2006 og 2008. Lýsingin hefst í hólf 1 sem er austast í tóftinni. Það er 8 x 8 m að innanmáli og veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru grjóthlaðnir neðst en að ofan er eingöngu torf. Gjóthleðslan er 0,2

- 0,5 m á hæð og torfið álíka að hæð. Grjóthleðslan samanstendur af 1 - 3 umförum af fremur stóru grjóti. Veggirnir eru því samtals 0,5 - 1,5 m á hæð. Hólfið er opið til suðurs en annað op er til norðurs, þar var farið inn í útihúsið sem þarna var reist og sést á loftmyndinni. Þetta hólfi var líklega notað sem rétt eða gerði. Hólfið er raskað og víða sést rof í veggjum. Hólfi 2 er vestan við hólfi 1 og er betur varðveitt. Það er 8 x 3,5 m að innanmáli og snýr norður - suður. Veggirnir eru eins að gerð og í hólfi 1, nema torfhleðslan er mun þynnri. Það má sjá 3 umför af grjóti og veggirnir eru 0,5 - 1 m á hæð. Hólfið er opið til suðurs. Hólfi 3 og 4 eru vestan við hólfi 2. Til suðurs er hólfi 3. Það er 5 x 4 m að innanmáli og veggirnir eru signir og útflettir. Veggirnir eru 2 m á breidd, 0,3 m á hæð og algrónir. Það er mun meiri jarðvegur hér inni en í fyrri hólfum og mögulega var fyllt inn í það. Hólfið er opið til suðurs. Hólfi 4 er norðan við hólfi 3 en skilin á milli þeirra eru óljós og afmarkaðst af lágum, grónum hrygg. Það er 6 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op var í suðausturhorni yfir í hólfi 3. Hið sama má segja um þessa vegg og í hólfi 3, þeir eru útflettir og signir og sjást betur að utan en innan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Raufarhöfn NL & GJ, 2

NP-056:022 heimild símstöð

A: 636052 N: 665698

„Hversu áhugasamir þeir bræður [Jón og Sveinn Einarssynir] voru um málefni Raufarhafnar, má einnig ráða af því, að árið 1916 var lögð símalína til Raufarhafnar og lögðu þeir til hennar mikið fé út eigin vasa, til þess að koma henni á.“ segir í Sjómannablaðinu Víkingi 1947. Síbstöð er merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Síbstöðin var tæpum 30 m NNA við Steinholt 038 og rúnum 150 m sunnan við Búðina 011. Þar er nú malbikað plan á bak við frystihúsið, frystihúsið til norðurs og höfnin til austurs. Ekki sjást nein ummerki um grunn síbstöðvarinnar á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Víkingur 1947, 173; Sléttunga III, 14

NP-056:023 náma mógrafir

A: 634450 N: 666416



Mynd 23. Mógrafir 056:023, horft til norðausturs

Mógrafir eru 1,6 km norðvestan við Búðina 011 og tæpum 950 m vestan við Heimskautsgerðið. Þær eru á milli Kríuvatns og nyrðra Gláparvatns. Þar er mikið af mjög blautum mýrum og eru þær þýðar með mikið af mýrargróðri. Holt eru til vesturs og austurs en Gláparvatn til suðurs. Mógrafirnar sáust vel á loftmynd en ekki sáust nein skýr merki um þær á veltvangi.

Mógrafasvæðið er 290 x 40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er beggja vegna við lækjarfarveg sem rennur til norðurs. Það er frekar erfitt að áætla fjölda þeirra þar sem þær sjást lítið á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

NP-056:024 heimild fiskvinnsla

"Fyrir áeggjan Mannes byggði Hans L. Falck fyrirtækið Ths. Falck útgerðarstöð ár Raufarhöfn 1905. Árið eftir A. Haave í Florö [025]. Síðan Th. Bakkevig frá Haugasundi [047]. Þá J. Hareide frá Álasundi [048]. Þá H. Hoff frá Álasundi, sem saltaði í skipi, en hafði bryggju [049] á landi og lóðarréttindi. [...] Falckshúsið var rífið árið 1913 og flutt á heiðarbylíð Grasgeira, þegar Eiríkur Kristjánsson byggði þar upp," segir í Sléttungu III. "Fyrsti norskri síldveiðimaðurinn sem kom til Raufarhafnar í þessari lotu var Bendik Mannes skipstjóri hjá Falck í Stafangri, það var árið 1899. Næstu ár var hann tíður gestur á Raufarhöfn og árið 1905 byggði Falck söltunarstöð og rak hana

næstu árin. [...] Hinn 20. desember 1906 gekk Pétur [Jónsson á Gautlöndum, "umboðsmaður Norðurumboðs"] frá sjö lóðarsamningum við Norðmenn, og voru það þeir Falck, sem áður var nefndur, A. Haave frá Florö, Tormod Bakkevig frá Haugasundi, Lars Garshol frá Álasundi, Johan Pilskog frá Álasundi og Peter Skarbövik frá Álasundi. [...] Lóðirnar voru allar á svokölluðu Holti við höfnina vestanverða. Ekki auðnaðist þessum höfðingjum öllum að byggja söltunarsstöðvar en heimildir benda til að fram í heimsstyrjöldina fyrri hafi yfirleitt 3 - 4 stöðvar verið starfræktar samtímis," segir í Silfur hafsins (2. bindi).

Ekki er vitað hvar Falckshúsið var staðsett nákvæmlega enda var saga þess ekki löng. Það var á Holtinu, líklega nærri Grænahúsi 037 en frekari heimildir þarf til þess að staðsetja það nákvæmlega. Þetta er að öllum líkindum sama og einhver mannvirkjanna sem skráð eru undir númerum 056 -058 og 067 í skrá þessari en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sléttunga III, 55-56; Lesbók 15.11.1942, 358; Silfur hafsins II, 327

NP-056:025 heimild fiskvinnsla

"Fyrir áeggjan Mannes byggði Hans L. Falck fyrirtækið Ths. Falck útgerðarstöð [024] ár Raufarhöfn 1905. Árið eftir A. Haave í Florö. Síðan Th. Bakkevig frá Haugasundi [047]. Þá J. Hareide frá Álasundi [048]. Þá H. Hoff frá Álasundi, sem saltaði í skipi, en hafði bryggju [049] á landi og lóðarréttindi," segir í Sléttungu III.

"Sunnan við lækinn tekur "Holtið" við. Þar var, árið 1910, Grænahús (nú heitir það Brautarholt) [037] og 2 eða 3 Norðmannaskúrar (braggar)," segir í Úr sögu Raufarhafnar í Lesbók Morgunblaðsins 1942.

"Hinn 20. desember 1906 gekk Pétur [Jónsson á Gautlöndum, "umboðsmaður Norðurumboðs"] frá sjö lóðarsamningum við Norðmenn, og voru það þeir Falck, sem áður var nefndur, A. Haave frá Florö, Tormod Bakkevig frá Haugasundi, Lars Garshol frá Álasundi, Johan Pilskog frá Álasundi og Peter Skarbövik frá Álasundi. [...] Lóðirnar voru allar á svokölluðu Holti við höfnina vestanverða. Ekki auðnaðist þessum höfðingjum öllum að byggja söltunarsstöðvar en heimildir benda til að fram í heimsstyrjöldina fyrri hafi yfirleitt 3 - 4 stöðvar verið starfræktar samtímis," segir í Silfur hafsins (2. bindi).

Hið sama má segja um þetta mannvirki og mannvirki 024, frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn. Þetta er að öllum líkindum sama og einhver mannvirkjanna sem skráð eru undir númerum 056 - 058 og 067 í skrá þessari.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sléttunga III, 55; Lesbók 15.11.1942, 358; Silfur hafsins II, 327

NP-056:026 heimild verbúð

A: 665714 N: 636051

"Íslendingar byrja líka útgerð með tilkomu vélbátanna og það rísa lítil hús á holtinu við vestanverða höfnina. Svo til engar minjar um þessa byggð er nú að finna," segir í Land og fólk (1985). "Í byrjun þessarar [20.] aldar byggðu norskir útgerðarmenn hús og bryggjur vestan við höfnina í Raufarhöfn, en heimamenn munu hafa byggt verbúðir á þessum slóðum," segir í Bæirnir byggast e. Pál Líndal.

Verðbúðirnar stóðu þar sem frystihúsið á Raufarhöfn stendur núna, 50 m norðan við Steinholt. Þar er nú bryggjupallur, byggingar, hafnarsvæði og malbílalá plan. Ekki sjást nein ummerki um minjarnar enda búið að byggja frystihúsið yfir þann stað sem verbúðirnar voru á.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: LF 1985, 146; Páll Líndal, 382

NP-056:027 heimild fjós

A: 636010 N: 665842

"Höndlunarhúsið [011] stendur sunnan til við túnið [...]. Fjósið er byggt af torfi laust við húsið," segir í Sýslu- og sóknalýsingum. "Í kringum Búðina [011] voru ýmiss konar hús, svo sem beykisbúð [028] [...]. Eins stóð þarna fjós og hesthús, smiðjukofi [030] og fleira slíkt," segir í Árbók Þingeyinga 1959. "Kannski hefur honum [Sveini Einarssyni] þótt ærið hranalega að verki gengið stundum, eins og þegar jarðýtan óð organdi að gamla fjósinu og

jafnaði það við jörðu á fáum sekúndum. Hann stóð á pallinum, horfði yfir rústirnar og sagði: "Bannsett fikt er í þeim" - gekk síðan inn í Búðina án þess að hafa um þetta fleiri orð," segir í Þjóðviljanum 1955.

Fjósið og hesthúsið voru sambyggð og stóðu skammt vestan við Búðina 011. Þarna er nú gróið svæði fast suðaustan við götuna Aðalbraut. Ekkert ummerki um minjarnar sjást yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SSP, 240; ÁP 1959, 34; Þjóðviljinn 16.02.1955, 7

NP-056:028 Beykisbúð heimild skemma

A: 636009 N: 665834

"Í kringum Búðina [011] voru ýmiss konar hús, svo sem beykisbúð, þar sem tunnur voru smíðaðar. Í öðru hólf þess húss var bræðslubúð, þar sem mör var bræddur og lýsi. Þar upp yfir var svefnloft með bálkum, ætlað þeim, sem komu með fé til slátrunar," segir í Árbók Þingeyinga 1959. Suðvestan við Búðina er torfbær, merktur sem bræðsluhús og hlaða, á korti af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III).


Líkt og flest gömul hús á Raufarhöfn hefur þetta verið rífið fyrir allöngu. Þar sem húsið var er nú malbikað bílaplan sunnan við Aðalgötu. Stjórnsýsluhús Norðurþing er skammt norðaustar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: ÁP 1959, 34; Sléttunga III

NP-056:029 tóft mógrafir

A: 635315 N: 663795



Mynd 24. Teikning af tóft 056:029

Tóft er um 580 m sunnan við tóft 092 og 2,8 km suðavestan við bæ 001. Hún er innan svæðið þar sem nokkrir skurðir hafa verið ræstir fram í mýrinn, rétt austan við vestasta framræsta skurðinn. Svæðið er frekar þýft og grasi vaxið. Mjög blautar og óræstar mýrar eru norðan við skurðina en Deildaráin er 40 m sunnan við tóftina.

Tóftin er 7 x 3 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torfhlaðin og veggir hennar eru 0,3 - 0,5 m á hæð. Tóftin skiptist í tvö hólf. Hólf I er 3 x 1,5 m að innanmáli og á því er ekkert sjáanlegt op. Hólf II er 1,5 x 1 m að innanmáli og er opið til vesturs. Tóftin er mjög smágerð og lágreist. Að öllum líkindum er þetta móstæði frá móvinnslu úr mýrunum en heimildamaðurinn, Helgi Ólafsson, hefur greint frá því að þarna á svæðinu hafi verið tekinn mikill mór þegar hann var barn (f. 1929)

Hættumat: engin hætta

NP-056:030 heimild smiðja

A: 636029 N: 665852

"Í kringum Búðina [011] voru ýmiss konar hús, svo sem beykisbúð [028] [...]. Eins stóð þarna fjós og hesthús [027], smiðjukofi og fleira slíkt," segir í Árbók Þingeyinga 1959. Smiðjan var áföst við vesturenda Búðarinnar 011. Hún er rúmum 180 m norðan við Steinholt 038 og tæpum 10 m vestan við Búðina 011. Þar er nú bílaplan Hótel Norðurljósa og grasflötur vestan við hótelið. Malbikaður vegur, Aðalbraut, liggur norðan við hótelið og höfnin er til suðurs. Ekkert sést til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÁP 1959, 34

"Gamlibær, tættur við Lundhústjörn í túni," segir í örnefnaskrá. Austur af Lundshúsi (009) er torfbær, "gamli bær", merktur inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). "Lífið heldur samt áfram og á Ásmundarstöðum byggja Þorbjörg og Lund sér ágætt íbúðarhús, svonefnt langhús, sem þau búa í til 1870. [...] Til Raufarhafnar flytja þau einnig með sér langhúsið sitt og velja því stað á sléttri báru skammt upp af botni hafnarinnar. Nefndist það síðan Lundshús. Fimm árum síðar eða 1875 fá þau Raufarhafnarjörð til ábúðar," segir í Af heimaslóðum e. Níels Árna Lund. "Gamli Raufarhafnarbærinn, sem einnig var við þá feðga [Lund] kenndur, langhús úr torfi og timbri, stóð þó fram til 1930 eða þar um bil," segir í minningargrein um Rannveigu Lund í Tímanum 1961. "Sunnan Prestshússins, aðeins ofar á flötinni stóð gamla Lundshúsið sem C.G.P. Lund og Þorbjörg Árnadóttir fluttu með sér frá Ásmundarstöðum 1870 og var síðustu áratugina notað sem geymsla og þá undir nafninu Gamlibærinn," segir í Sléttungu III.

Öll ummerki um Gamlabæ eru horfin enda var bærinn rifinn um 1930 eða þar umbil. Gamlibær var á milli Lundhúss 009 og kirkjunnar. Þar sem að húsið var eru steinsteypt bílaplön, húsgrunnar og byggingar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Raufarhöfn NL & GJ, 1; Níels Árni Lund, 26; Tíminn 15.11.1961, 6; Sléttunga III, 14; 157

"En þetta heiti á jarðarhúsunum "Bærinn" [001] bendir til þess að um fleiri íbúðir væri að tala á Raufarhöfn en fram um miðja 19jándu öld var ekki um önnur íbúðarhús að gera en Búðina [011] og Bæinn. En þá byggir Bjarni Þorsteinsson íbúðarhús úr timbri, því Ingimundur segir í dagbók sinni 10. mars 1873, "Timburhús Bjarna á Raufarhöfn brann, innanstokksmunum var bjargað." segir í Leiftur frá liðnum tímum e. Kristinn Kristjánsson. Ekki er vitað hvar fyrrnefndur Bjarni byggði húsið sem brann. Ekki er heldur vitað hvort að sá bær sé hinn sami og sést á teikningu frá 1821 (birt í Sléttungu III). Þar er bærinn sýndur sunnan við Lundhústjörn, sem þá kallaðist Bárar-eða Bæjarvatn. Sá bær var nokkuð vestar en Lundshús 009 sem sýnt er á túnakoti frá 1920 sem og teikningu frá 1919 (einnig birt í Sléttungu III). Þessi hús eru skráð hér saman, bærinn á teikningu frá 1821 og hús Bjarna sem er byggt nokkru síðar, mögulega á sama stað.

Þessi bær var rúmlega 520 m sunnan við bæ 001 og 130 m austan við Lundhús 009. Þar er nú slétt malarplan. Bærinn hefur staðið á svipuðum slóðum og búðir 010 voru staðsettar. Ekki er mikilla ummerkja um þennan bæ að vænta undir sverði, þarna er mikið jarðrask.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Kristinn Kristjánsson, 187, 303; Sléttunga III, 17

"Hann [Þorstein Daníelsson frá Skipalóni sem byggði Búðina (011) um 1835] lét sér ekki muna um það að byggja Kofann líka [...]. Kofinn var lítill, torfveggir og þak. Stóð hann nokkur fet að norðan við bakdyr Búðarinnar. Í öðrum enda var afþiljuð stofa en eldhús í hinum. Yfir stofunni var loft, þar var hægt að sitja á stól undir sperrukverkinni. Þessi kofi entist í 100 ár og held ég að hann hafi aldrei verið mannlaus. Þar bjó Anna Ólafsdóttir lengi sem Benjamín Sigvaldason skrifar helst til glæsilega um. Þarna héldu þeir félagar til meðan á smíðinni stóð," segir í Leiftur frá liðnum tímum e. Kristinn Kristjánsson. "Þessi ekkja [Anna Ólafsdóttir] með tvö börn sín, nokkuð stálpuð, fékk húsmennskupláss hjá ábúandanum til að byrja með, en er um 1889 komin í "Kofann", sem svo var kallaður, og ég hef ekki heimildir fyrir, hver hann hefur byggt, en telja má líklegast að annar hvor síðari verslunarstjóri Gránufélagsins hafi komið honum upp. Þetta var torfhús, að öðru en því að þilstafn var að sunnan frá glugga og upp úr. Kofinn var byggður á lóð Búðarinnar, vestan hennar og fjarlægðin ekki meiri en 6-8 metrar," segir í Sléttungu III.

Kofinn stóð 10 m norðan við Búðina 011 og 200 m norðan við Steinholt 038. Þar er nú malbikaður vegur, Aðalbraut, sem liggur að bátahöfninni í Raufarhöfn, Hótel Norðurljós stendur til suðurs við hafnarbakkann og gamalt tún í órækt er til norðurs. Engin ummerki um húsið sjást nú á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Kristinn Kristjánsson, 303; Sléttunga III, 128

NP-056:034 heimild skemma

A: 636043 N: 665848

"Var hann [síldaraflinn] saltaður til útflutnings, en einnig komu bræðurnir [Jón og Sveinn Einarssynir] sér upp íshúsi til beitufrystingar," segir í Silfur hafsins (1. bindi). "Í upphafi útgerðar sinnar komu Bræðurnir Einarsson sér upp aðstöðu til beitufrystingar. Notuðu þeir ís og salt til þessarar frystingar. Voru byggð jarðhús eða gryfjur [052] til geymslu á snjó og ís. Heima við Búðina [011] var hins vegar reist hús, þar sem frystingin fór fram," segir í Sléttunga III. Þetta er líklega í kringum 1902-1904 miðað við lýsingu textans. Ekki er vitað hvar við Búðina 011 þetta íshús var staðsett. Hnit var tekið austan hennar, við stjórnsýsluhús Norðurþings. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja íshúsið nánar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Silfur hafsins I, 195; Sléttunga III, 86

NP-056:035 heimild fiskvinnsla

"Enn er ógetið einnar norskrar stöðvar sem hafði nokkra sérstöðu. Margnefndur Bendik Mannes kom árið 1907 með þrjá litla vélbáta til Raufarhafnar, byggði söltunarstöð [...] og gerði bátana út til þorskveiða. Hann verkaði afla bátann á stöðinni en saltaði jöfnum höndum síld ef hún barst," segir í Silfur hafsins (2. bindi). "Mun Mannes hafa selt Íslendingum þessa stöð 1914 er styrjöldin skall á. [...] Þá var Mannesarhús sem brann veturinn 1924-1925," segir í Sléttunga III. Ekki er vitað hvar þessi mannvirki voru staðsett né Mannesarhús. Þetta var líklega á svæðinu þar sem minjar 024-025, 047-049, 056-058 og 062 voru staðsettar og mögulega er einhver þeirra sú sama og hér er skráð. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Silfur hafsins II, 328; Sléttunga III, 55-56

NP-056:036 tóftir fjárhús

A: 636147 N: 666083




Mynd 25. Tóft 056:036A, horft til austurs



Mynd 26. Tóft 056:036B, horft til vesturs

Tvær tóftir eru rúmum 220 m norðaustan við Búðina 011 og 460 m suðvestan við bæ 001. Þær eru á litlum hól eða rima í miðju mýrarsvæðinu á milli Raufarhafnar og klifanna til norðurs sem Klifahúsið stendur á. Þar er grasi gróið, þýft, óræktað tún og þýfð mýri allt um kring. Minjasvæðið samanstendur af tveimur tóftum þétt upp við hvor aðra með 2 metra millibili. Það er 19,5 x 7 m að stærð. Tóft A) er 8 x 7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er opin til suðausturs. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 5 x 4,5 m. Hæð veggja er 0,5-1,6 m og er hún torfhlaðin. Leifar úr þaki hennar sjást sem spýtnabrák í tóftinni. Tóft B) er 9,5 x 6 m að stærð og snýr hún einnig norðaustur-suðvestur. Hún er opin til suðausturs. Tóftin er einföld og er 6 x 5,5 að innanmáli. Veggir hennar eru 0,7-1,3 m á hæð. Hún er torfhlaðin og að hluta gróin en þó sést vel í moldarbörð í veggjum hennar. Mikið er af spýtnabraki og bárujárnri innan tóftarinnar sem er úr þaki hennar.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Mynd 27. Teikningar af tóftum 036A og 036B

NP-056:037 Grænahús/Brautarholt heimild bústaður

A: 665714 N: 636099



Mynd 28. Grænahús 056:037 (Heimild: Sléttunga III, bls. 168)

"Sunnan við lækinn tekur "Holtið" við. Þar var, árið 1910, Grænahús (nú heitir það Brautarholt) og 2 eða 3 Norðmannaskúrar (braggar) [024]," segir í Úr sögu Raufarhafnar í Lesbók Morgunblaðsins 1942. "Einhvern tíma á þessum árum [1901-1910] er samt Brautarholt byggt, eða Grænahúsið eins og það var jafnan nefnt og stóð sunnan lækjarins á klettaholti upp af miðri höfninni að vestanverðu. [...] Við röltum suður eftir "götunni" [066] sem varð að víkja fyrir Hafsilfurspani og síðar togarabryggju og athafnasvæði Jökuls. Hér á klöppunum stóð húsið Brautarholt sem þó gekk alltaf undir nafninu Grænahúsið, byggt á fyrsta áratug aldarinnar af Björgvini Jóhannssyni, útgerðarmanni frá Rífi. [...] Fram á klöppunum hafði Björgvin aðstöðuhús og niður af því

byggði hann bryggju. [...] Húsið eyðilagðist í eldsvoða 1959," segir í Sléttungu III.

Rétt norðvestur af bryggju (065) er timburhús Björgvins Jónsonar merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Húsið stóð tæpum 160 m sunnan við Búðina 011 og um 70 m norðaustan við Steinholt 038. Engin ummerki eftir húsið sjást nú á yfirborði. Þar er nú hafnarbakki og bryggjupallur en húsið hefur staðið við þann stað þar sem nú (2016) er stórt skilti á bryggjupallinum, við hlið Félagshússins 059 sem einnig er horfið (2016). Allskonar verksmiðjubyggingar eru til vesturs og suðvesturs.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Lesbók 15.11.1942, 358; Sléttunga III, 131, 167-168



Mynd 29. Steinholt 056:038, horft til vesturs

norðan við það og höfnin er til austurs. Steinholt stendur enn þar sem það var byggt en þar býr enginn (2016). Grunnflötur þess er 7 x 7 m að stærð og inngangur er til suðvesturs. Það er orðið hrörlegt en hugmyndir eru um að gera það upp.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Lesbók 15.11.1942, 358; Sléttunga III, 131

"Sunnan við lækinn tekur "Holtið" við. Þar var, árið 1910, Grænahús (nú heitir það Brautarholt) [037] og 2 eða 3 Norðmannaskúrar (braggar) [024 ofl.]. Önnur hús voru þar ekki, en stuttu síðar var Steinholt byggt [...]," segir í Úr sögu Raufarhafnar í Lesbók Morgunblaðsins 1942.

"Þriðja húsið sem reis á þessum áratug var Steinholt sem Benedikt Vigfússon frá Akurseli í Öxarfirði byggði 1913 og var það fyrsta steinhúsið á Raufarhöfn," segir í Sléttunga III.

Steinholt er merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttunga III). Það stendur 30 m vestan við höfnina, milli frystihússins og hafnar- og verksmiðjuverfisins, rúmum 190 m sunnan við Búðina 011. Þar er lágur, grasivaxinn hóll. Frystihúsið stendur



Mynd 30. Búðarbryggjan 056:039 (Heimild: Sléttunga III, bls. 59)

"Aldamótaárið byggðu þeir [Jón og Sveinn Einarssynir] vandaða bryggju á Raufarhöfn. Gátu allstór seglskip legið við hana og var engin bryggja í höfuðstaðnum þá jafn vegleg," segir í Bræðurnir Einarsson og upphaf síldveiða á Raufarhöfn í Sjómannablaðinu Víkingi 1947. Bryggjan er horfin líkt og nánast öll önnur mannvirki í Raufarhöfn frá upphafi 20. aldar. Þarna er nýlegur sjógarður/bryggja suðaustan við stjórnsýsluhús Norðurþings við Aðalgötu. Þessi bryggja sést á gömlum ljósmyndum sem teknar eru á Raufarhöfn. Hún var gerð úr timbri en erfitt er að áætla stærð og nánari gerð hennar. Ekki er vitað hvenær bryggjan var rifin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Víkingur 1947, 173

"Aðra bryggju reistu þeir [Jón og Sveinn Einarssynir] nokkrum árum síðar [eftir 1900], sem var nægileg til þess að strandferðaskip gátu fermt og affermt við hana," segir í Bræðurnir Einarsson og upphaf síldveiða á Raufarhöfn í Sjómannablaðinu Víkingi 1947. Ekki er vitað hvar þessi bryggja var staðsett. Líklega var hún þó nærri bryggju 039 og Búðinni 011. Ekki er vitað hvenær hún var rifin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Víkingur 1947, 173



Mynd 31. Mógrafir 056:041, horft til norðvesturs

mógrafanna. Það er hægt að greina nokkur, stök ferköntuð svæði þar og eru nokkrar mógrafir í hverju þeirra. Sá syðsti þeirra er norðan undir svokölluðum Klifum. Mógrafirnar voru teknar í ferhyrindum svæðum og innan hvers og eins voru eflaust nokkrar minni grafir. Mógrafirnar á þessu svæði eru eflaust 100 talsins ef ekki fleiri. Mógrafirnar eru 0,3 - 0,6 m á dýpt, flestar þeirra eru grónar og þurrar en inn á milli má finna rakar og blautar mógrafir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Raufarhöfn NL & GJ, 2

"Þéttbýlismyndun hefst varla að marki fyrr en á fyrsta tug þessarar aldar. Þá koma hér norskir útgerðarmenn aðallega frá Haugasundi og Stafangri og reisa hús [024] og bryggjur [025] með vesturlandi hafarinnar. Síldarbræðsla af frumstæðri gerð fylgdi í kjölfarið. [...] Norska starfsemin stóð fram til ársins 1934 að Norðmenn fengu ekki rekstrarleyfi á Íslandi og Síldarverksmiðjur ríkisins, sem þá voru komnar til sögunnar, keyptu verksmiðjuna," segir í Land og fólk. "Eftir styrjöldina, eða 1919 kaupir Chr. Bjelland, Stafangri stöðvarnar af Ths. Falck [024] og A. Haave [025], ef til vill einnig Bjærkevig [050]. Rak hann stöðvar þessar 2-3 ár og selur síðan G. Evanger sem byrjar rekstur sinn með síldarsöltun. Setur síðan upp tvær handpressur til að vinna síldarúrgang. Næsta ár 4 pressur með reimdriфт og gufuketil til suðu. Þá kaupir Evanger gufuvél, er upphaflega var í Evangers verksmiðjunni á Siglufirði og snjóflóðið tók 1919. Gufuvél þessi hafði þá legið eitt ár á botni Siglufjarðar. Þá keypti hann þurrkara er lent hafði í verksmiðjubruna á Dagverðareyri. Þetta ásamt tveim skrúppressum, sem hann kom með frá Noregi, varð vísir að verksmiðjurekstri hér á Raufarhöfn, er aukin var og endurbætt, þar til Ríkisverksmiðjurnar keyptu eignina. [...] Árið 1925 reisti svo Evanger síldarverksmiðju. Verksmiðjuhúsið sem Evanger reisti var stórt tveggja hæða timburhús. Auk þess voru gerðar tvær steinsteypar þrær, niðurgrafar," segir í Sléttungu III.

Allar þessar verksmiðjur eru horfnar. Þarna er nú Hafnarbraut og fjölmörg hús við þá götu. Verksmiðjan var þar sem nú er Hafnarbraut 20F. Nokkar yngri byggingar eru nú þarna og yngri síldarþró.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: LF 1985, 146; Sléttunga III, 55-56, 58

"Önnur hjáleiga er byggð skömmu eftir 1860, við sjóinn, rétt austan við Deildarána, í svokölluðum Hrutavogi, og mun það verið hafa Sigfús Sigurðsson timbursmiður sem fyrstur byggði þar bæ sinn ásamt konu sinni Þórkötlu Jónsdóttur. [...] Um 1880 eru komin í tvíbýli þarna í Vogunum önnur hjón, Illugi Daníelsson og kona hans Guðný Ólafsdóttir," segir í Sléttungu III. Þessi bæ er ekki byggður úr landi Raufarhafnar, hann er sunnan við Deildará. Hann er líklega byggður úr landi Hóls en núna er þarna bæ sem kallast Vogar. Hér er líklega um sama bæ að

ræða. Bærinn er talinn til minja í Raufarhafnarhreppi, hans er getið í Sléttungu II í tengslum við þéttbýlismyndun þar. Vogarnir eru tæpum 350 m suðvestan við Ytrivog 021 og um 2,1 km sunnan við Lundshús 009. Þarna eru nú tvö veiðihús og kallast svæðið Deildarárþakki. Fyrir austan veiðihúsin er ræktað tún, líklega frá Vog. Það er komið í órækt en ekki sér til uppsafnaðra mannvistarlaga þar. Stutt er niður á grjót og mel í túninu. Engin ummerki bæjarins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sléttunga III, 127

NP-056:044 *Friðrikshús* heimild verbúð

A: 636018 N: 665690



Mynd 32. Friðrikshús 056:044 (Ljósmynd í eigu Helga Ólafssonar)

"Á fyrsta áratug aldarinnar fóru aðkomumenn að sækja til Raufarhafnar á sumrin til þess að geta róðið á hin fengsælu fiskimið í grenndinni. [...] Friðrik og Ingólfur Klausen frá Eskifirði komu sér upp aðstöðu í landi og reistu hús og bryggjur. [...] Haustið 1920 voru hér á Raufarhöfn sjö hús, sem í var búið, auk íbúðarhúss ábúanda jarðarinnar [009] og verslunarhúss Bræðranna Einarsson, "gamla Búðin" [011], sem reist var sumarið 1835. [...] Tvær minni verbúðir, Friðrikshúsið og Félagshúsið [059], voru sunnar á holtinu við höfnina, önnur eign heimamanna, en hin eign Eskfirðinga [...]" segir í Sléttungu III.

Timburhús Friðriks Clausens (fiskhús) er merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Friðrikshús var um 50 m norðaustan við Steinholt 038 og 180 m sunnan við Búðina 011, alveg við höfnina. Þar er nú malbikaður vegur; Hafnarbraut, sem liggur

meðfram höfninni og stóð Friðrikshús norðarlega á götunni. Verksmiðjuhús eru til suðurs og suðvesturs og frystihúsið til norðurs. Engin ummerki um húsið sjást nú á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14, 83, 132

NP-056:045 heimild fiskvinnsla

A: 636042 N: 665842

"Hér með auglýsist, að verzlunarhús [011] Gránufélagsins á Raufarhöfn með bryggju, verslunaráhöldum og einu salthúsi er til sölu [...]" segir í Sléttungu III (úr Austra 29. tbl. 1893). Salthúsið var áfast við Búðina 011, 700 m suðvestan við bæ 001. Þar stendur nú Hótel Norðurljós og bílaplan suðvestan við það. Malbikaður vegur liggur norðan við og höfnin er til suðurs. Ekki sjást ummerki um minjarnar á yfirborði

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 33

NP-056:046 *Buder* heimild verslunarstaður/býli

"Buder, eyðihjáleiga. Bygð niður við Raufarhöfn hjer um fyrir 40 árum, þar sem Danskir höfðu síðar búðir þann tíma sem þeir höfðu hjer höndlan, nú hefur þessi hjáleiga legið í eyði hjer um 14 ár og áður köflum saman," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Á teikningu af Raufarhöfn frá árinu 1821 og birt er í Sléttungu III sést tjörn fast norðan við Nónás. Hún er merkt Búðartjörn. Í örnefnalýsingu segir: "Þá var komið að Búðarlæk, sem kom úr Búðartjörn, sem nú hefur verið þurrkuð. Fenin voru mýrarflákar frá Búðartjörn og Nónás norður að Klifum, sem nú hefur verið þurrkað og breytt í tún.". Örnefnin Búðartjörn og Búðarlækur eru líklega dregin af þessu býli. Teikningin er gerð 13 árum áður en Búðin 011 er reist. Ekki er vitað hvar býlið var staðsett en líklega var það nærri sjónum, við Búðina 011. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn. Á þessum slóðum er nú

framræst mýri til vesturs en til austurs eru hús í þorpinu. Engin ummkerki um minjastaðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM XI, 346; Sléttunga III, 14, 17; Ö-Raufarhöfn AG, 2-3

NP-056:047 heimild fiskvinnsla

"Fyrir áeggjan Mannes byggði Hans L. Falck fyrirtækið Ths. Falck útgerðarstöð [024] ár Raufarhöfn 1905. Árið eftir A. Haave í Florö [025]. Síðan Th. Bakkevig frá Haugasundi [047]. Þá J. Hareide frá Álasundi [048]. Þá H. Hoff frá Álasundi, sem saltaði í skipi, en hafði bryggju [049] á landi og lóðarréttindi," segir í Sléttungu III. "Sunnan við lækinn tekur "Holtið" við. Þar var, árið 1910, Grænahús (nú heitir það Brautarholt) [037] og 2 eða 3 Norðmannaskúrar (braggar)," segir í Úr sögu Raufarhafnar í Lesbók Morgunblaðsins 1942. "Hinn 20. desember 1906 gekk Pétur [Jónsson á Gautlöndum, "umboðsmaður Norðurumboðs"] frá sjö lóðarsamningum við Norðmenn, og voru það þeir Falck, sem áður var nefndur, A. Haave frá Florö, Tormod Bakkevig frá Haugasundi, Lars Garshol frá Álasundi, Johan Pilskog frá Álasundi og Peter Skarbövik frá Álasundi. [...] Lóðirnar voru allar á svokölluðu Holti við höfnina vestanverða. Ekki auðnaðist þessum höfðingjum öllum að byggja söltunarstöðvar en heimildir benda til að fram í heimsstyrjöldina fyrri hafi yfirleitt 3-4 stöðvar verið starfræktar samtímis," segir í Silfur hafsins (2. bindi). Þetta er að öllum líkindum sama og einhver mannvirkjanna sem skráð eru undir númerum 056-058 og 067 í skrá þessari en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 55; Lesbók 15.11.1942, 358; Silfur hafsins II, 327

NP-056:048 heimild fiskvinnsla

"Fyrir áeggjan Mannes byggði Hans L. Falck fyrirtækið Ths. Falck útgerðarstöð [024] ár Raufarhöfn 1905. Árið eftir A. Haave í Florö [025]. Síðan Th. Bakkevig frá Haugasundi [047]. Þá J. Hareide frá Álasundi [048]. Þá H. Hoff frá Álasundi, sem saltaði í skipi, en hafði bryggju á landi og lóðarréttindi," segir í Sléttungu III. "Sunnan við lækinn tekur "Holtið" við. Þar var, árið 1910, Grænahús (nú heitir það Brautarholt) [037] og 2 eða 3 Norðmannaskúrar (braggar)," segir í Úr sögu Raufarhafnar í Lesbók Morgunblaðsins 1942. "Hinn 20. desember 1906 gekk Pétur [Jónsson á Gautlöndum, "umboðsmaður Norðurumboðs"] frá sjö lóðarsamningum við Norðmenn, og voru það þeir Falck, sem áður var nefndur, A. Haave frá Florö, Tormod Bakkevig frá Haugasundi, Lars Garshol frá Álasundi, Johan Pilskog frá Álasundi og Peter Skarbövik frá Álasundi. [...] Lóðirnar voru allar á svokölluðu Holti við höfnina vestanverða. Ekki auðnaðist þessum höfðingjum öllum að byggja söltunarstöðvar en heimildir benda til að fram í heimsstyrjöldina fyrri hafi yfirleitt 3-4 stöðvar verið starfræktar samtímis," segir í Silfur hafsins (2. bindi). Ekki er vitað hvar þessi mannvirki voru staðsett og frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn. Þetta er að öllum líkindum sama og einhver mannvirkjanna sem skráð eru undir númerum 056-058 og 067 í skrá þessari.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 55; Lesbók 15.11.1942, 358; Silfur hafsins II, 327

NP-056:049 heimild fiskvinnsla

"Fyrir áeggjan Mannes byggði Hans L. Falck fyrirtækið Ths. Falck útgerðarstöð [024] ár Raufarhöfn 1905. Árið eftir A. Haave í Florö [025]. Síðan Th. Bakkevig frá Haugasundi [047]. Þá J. Hareide frá Álasundi [048]. Þá H. Hoff frá Álasundi, sem saltaði í skipi, en hafði bryggju á landi og lóðarréttindi," segir í Sléttungu III. "Sunnan við lækinn tekur "Holtið" við. Þar var, árið 1910, Grænahús (nú heitir það Brautarholt) [037] og 2 eða 3 Norðmannaskúrar (braggar)," segir í Úr sögu Raufarhafnar í Lesbók Morgunblaðsins 1942. "Hinn 20. desember 1906 gekk Pétur [Jónsson á Gautlöndum, "umboðsmaður Norðurumboðs"] frá sjö lóðarsamningum við Norðmenn, og voru það þeir Falck, sem áður var nefndur, A. Haave frá Florö, Tormod Bakkevig frá Haugasundi, Lars Garshol frá Álasundi, Johan Pilskog frá Álasundi og Peter Skarbövik frá Álasundi. [...] Lóðirnar voru allar á svokölluðu Holti við höfnina vestanverða. Ekki auðnaðist þessum höfðingjum öllum að byggja söltunarstöðvar en heimildir benda til að fram í heimsstyrjöldina fyrri hafi yfirleitt 3-4 stöðvar verið starfræktar samtímis," segir í Silfur hafsins (2. bindi). Ekki er vitað hvar þessi mannvirki voru staðsett og frekari heimildir þarf til þess að staðsetja

minjastaðinn. Þetta er að öllum líkindum sama og einhver mannvirkjanna sem skráð eru undir númerum 056-058 og 067 í skrá þessari.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 55; LF 1985, 146; Lesbók 15.11.1942, 358; Silfur hafsins II, 327

NP-056:050 Bjærkevigshús heimild bústaður

A: 636142 N: 665523



Mynd 33. Bjærkevigshúsið er til vinstri. Það var flutt í burtu árið 1940 (Heimild: Sléttunga III, bls. 56)

"Árið 1912 byggir O. Bjærkevig, Stafangri, síldarútgerðarstöð og rekur hana til 1916. Varð að hætta vegna stríðsins [...] Bjærkevigshúsið stóð fram yfir 1940. [...] ["] Bjærkevigshúsið var merkilegt hús - flutt frá Noregi og stóð fyrir ofan bryggjurnar. Í því var búið um tíma en einkum var það lagerhús en Norsararnir voru þá með síldarsöltun á plani fyrir neðan það, ["]" segir í Sléttungu III.

Bjærkevigshús var um 350 m sunnan við Búðina 001 og tæpum 180 m suðaustan við Steinholt 038. Húsið stóð þar sem nú er malbikaður vegur, Hafnargata 20-22. Þar eru einnig verksmiðjuhús og hafnarsvæði. Bryggjupallur og höfnin eru til austurs. Engin ummerki eftir húsið sjást nú á yfirborði enda var það flutt í burtu þegar Síldarverksmiðjan var byggð árið 1940.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 55-56, 132

NP-056:051 heimild býli

"Loks var svo Tönnesarhús. Það var rífið árið 1925. Er óljóst hver sá Tönnesar var, sem húsið var kennt við," segir í Sléttungu III. Ekki er vitað hvar Tönnesarhús var staðsett en mögulega er hér um sama stað og hús 056:058 að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 56

NP-056:052 heimild skemma

"Í upphafi útgerðar sinnar komu Bræðurnir Einarsson sér upp aðstöðu til beitufrystingar. Notuðu þeir ís og salt til þessarar frystingar. Voru byggð jarðhús eða gryfjur til geymslu á snjó og ís. Heima við Búðina [011] var hins vegar reist hús [034], þar sem frystingin fór fram," segir í Sléttungu III. Ekki er vitað hvar jarðhúsin og gryfjurnar voru staðsettar eða hversu mörg mannvirkin voru. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 86



Mynd 34. Torfbærinn Tjörn um 1944 (Heimild: Sléttunga III, bls. 138)

sem nú er grasbali á milli gistiheimilisins Hreiðrið, sem áður hét Glaumbær og geymsluhúss við Sléttuvegin, á milli Mýrarbrautar og Sjávarbrautar. Bærinn er sá eldri af Tjarnarbæjunum tveimur. Sá yngri stóð rúmum 30 m ANA. Ekkert sést til þessara minja lengur enda var torfbærinn rifinn um miðja 20. öldina.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 129

"Árið 1911 búa í Kofanum [033] Sigurjón Einarsson og Rannveig Jóelsdóttir, en þau byggðu sér síðar lítinn bæ, ásamt fjárhúsi, upp við tjörnina, kring um miðjan annan áratug aldarinnar og nefndu Tjörn. [...] Eftir andlát Sigurjóns [nokkru eftir 1940] var Tjarnarbærinn boðinn upp ásamt fáum eignum hans. Bærinn keypti Hólmsteinn Helgason vegna fjárhússins, sem var nothæft, en reif bæinn. En nokkru seinna eða eftir styrjaldarárin var byggt á lóðinni geymsluhús, en hluti lóðarinnar fór undir veg. [...] Þessi torfbær, Tjörn, mun hafa staðið skammt frá þeim stað sem síðar reis húsið Tjörn rétt norður af Glaumbæ sem nú er. Geir Ágústsson man eftir þeim þar" segir í Sléttungu III. Tjörnin sem bærinn dregur nafn sitt af er líklega Búðartjörn en hún var þarna vestar. Hún er horfin vegna framræslu.

Bærinn var rúmum 230 m suður af Búðinni 011 og um 90 m VSV við Steinholt 038. Hann stóð þar



Mynd 35. Nýibærinn sést á miðri mynd, hægra megin við Lundshúsið. (Heimild: Sléttunga III, bls. 50)

"Fast við það [gamla Lundshúsið (031)] var reist önnur geymsla sem bar nafnið Nýibærinn til aðgreiningar frá Gamlabænum. Þessi hús voru rifin; Nýibærinn um eða eftir 1960," segir í Sléttungu III.

Nýibær sést á gömlum ljósmyndum af Raufarhöfn og var líklega á milli Lundshúsanna beggja. Húsið var skammt austan við Lundshús 009, smá sund var þar á milli. Ekki er vitað hvenær Nýibær var reistur. Þar sem Nýibær var er steipt bílaplan. Öll ummerki hússins eru horfin.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 157



Mynd 36. Grund, Bessastaðir og Ísakshús, byggð 1904, 1910 og 1914. (Heimild: Sléttunga III, bls. 162)

"Árið 1914 reisti Ísak Friðriksson enn eina bygginguna sem nefnt var Ísakshús eftir því sem næst verður komist. Var þar fyrsti barnaskólinn staðsettur og sömuleiðis var þar til húsa fyrsta símstöðin á Raufarhöfn. Það hús brann síðar [árið 1926]. [...] Um 1920 er farið að kenna á Raufarhöfn. [...] Kennslustofan var í húsi Ísaks Friðrikssonar og Rannveigar konu hans. Þetta var lítil stofa inn af eldhúsi," segir í Sléttungu III.

"[Á]rið 1910 voru ekki önnur hús fyrir utan lækinn, sem skiftir þorpinu, en "Búðin" [011], [...] Ísakshús, lítill moldarkofi, er húshjón áttu og nefnist nú Grund, og svo Lundshúsið [009], sem áður er nefnt," segir í Úr sögu Raufarhafnar í Lesbók Morgunblaðsins 1942. "Ísak Friðriksson reisti íbúðarhúsið Grund árin 1905-1906. Árið 1914 reisti hann viðbyggingu, jafnstóra

íbúðarhúsinu. Þetta hús var eingöngu ætlað sem danshús og var það óspart notað sem slíkt þegar landlegur voru. [...] Árið 1910 reisti Ísak Friðriksson annað hús og nú hliðarbyggingu við Grund, sem fékk nafnið Bessastaðir. Eigendur hússins voru trúlega Bræðurnir Einarsson og bjó þar Bessi bróðir þeirra Jóns og Sveins og þannig var nafn hússins tilkomið. Grund og Bessastaðir voru orðin mjög léleg er þau voru fjarlægð 2015. [...] Sambyggt við Grund að vestanverðu var húsið Bessastaðir. Húsið var upphaflega ætlað sem danshús og var stundum nefnt Ballhúsið. [...] En þegar leið á var húsið notað til annarrar starfsemi og síðustu árin var það verbúð eða geymsla," segir í Sléttungu III. Norðaustur af Búðinni (011) er íbúðarhús úr timbri sambyggt steinbyggðu samkomuhúsi merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III).

Ísakshús, Grund og Bessastaðir voru allt saman mismunandi viðbyggingar við sama hús sem byggðar voru á mismunandi tímum en það síðasta árið 1914. Þetta hús stóð 160 m norðaustan við Búðina 011, um 130 m vestan við kirkjuna og 50 m norðan við höfnina. Þar er nú lítið bárujárnsklætt geymsluhús og steypit íbúðarhús. Malbikaður vegur, Höfðabraut, er 7 metrum norðar. Þar sem húsið stóð er nú grasi vaxinn garður og moldar heimreið upp að steypu húsi. Malbikaður vegur til norðurs og höfnin til suðurs. Engin ummerki sjást á yfirborði eftir húsið en það var rífið 2015.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14, 56, 131, 158-159, 161-162, 234; Lesbók 15.11.1942, 358

NP-056:056 heimild um verbúð

A: 636179 N: 665504

Vestan í höfninni er timburhús með timburbyggju framan við er merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919, prentað í Sléttungu III. Húsið er norðan við hús (057). "Haustið 1920 voru hér á Raufarhöfn sjö hús, sem í var búið, auk íbúðarhúss ábúanda jarðarinnar [009] og verslunarhúss Bræðranna Einarsson, "gamla Búðin" [011], sem reist var sumarið 1835. Þar að auki voru þrjú allstór timburhús, portbyggð, ásamt timburbyggjum framan við, suður á holtinu við höfnina, þar sem dúpið var mest. Þetta voru verbúðir Norðmannanna," segir í Sléttungu III. 42. Verbúðin var samkvæmt kortinu frá 1919 á syðsta bryggjupallinum sem nú (2016) stendur við Raufarhöfn, 380 m sunnan við Búðina 011, norðan við Gíslavík og Framnesið. Þar er nú bryggjupallur, höfnin til austurs og verksmiðjuhúsnæði til norðurs og vesturs. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er hægt að útiloka að verðbúð þessi sé hin sama og einhver af norsku útgerðarstöðvunum (sjá 024-025, 035, 047-047, 050) sem voru á Raufarhöfn þar sem ekki var hægt að staðsetja þær vegna skorts á heimildum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14, 132

Vestan í höfninni er timburhús með timburbyggju framan við, merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttunga III). Húsið er sunnan við hús (056) á kortinu.

"Haustið 1920 voru hér á Raufarhöfn sjö hús, sem í var búið, auk íbúðarhúss ábúanda jarðarinnar [009] og verslunarhúss Bræðranna Einarsson, "gamla Búðin" [011], sem reist var sumarið 1835. Þar að auki voru þrjú allstór timburhús, portbyggð, ásamt timburbyggjum framan við, suður á holtinu við höfnina, þar sem dúpið var mest. Þetta voru verbúðir Norðmannanna," segir í Sléttunga III.

Hér er verið að skrá eitt portbyggða húsið og byggju þar við. Þetta hús er nyrst húsanna á teikningunni frá 1919 og er horfið. Þetta er að öllum líkindum sama og einhver norsku útgerðarstöðvanna sem skráð er áður (024-025, 035, 047- 048, 050) en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Verbúðin er samkvæmt kortinu á byggju merkt Hafskipabryggja, austan við Hafnarbraut 20-22.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14, 132

NP-056:058 heimild verbúð

"Haustið 1920 voru hér á Raufarhöfn sjö hús, sem í var búið, auk íbúðarhúss ábúanda jarðarinnar [009] og verslunarhúss Bræðranna Einarsson, "gamla Búðin" [011], sem reist var sumarið 1835. Þar að auki voru þrjú allstór timburhús, portbyggð, ásamt timburbyggjum framan við, suður á holtinu við höfnina, þar sem dúpið var mest. Þetta voru verbúðir Norðmannanna," segir í Sléttunga III.

Hér er verið að skrá syðsta portbyggða húsið og byggju þar við. Þetta er að öllum líkindum sama og einhver norsku útgerðarstöðvanna sem skráð er áður (024, 025, 035, 047, 048, 050) en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 132

NP-056:059 Félagshúsið heimild verbúð



Mynd 37. Félagshúsið fyrir miðju og Búðin 056:011 efst til hægri (Heimild: Sléttunga III, bls. 166)

"Haustið 1920 voru hér á Raufarhöfn sjö hús, sem í var búið, auk íbúðarhúss ábúanda jarðarinnar [009] og verslunarhúss Bræðranna Einarsson, "gamla Búðin" [011], sem reist var sumarið 1835. [...] Tvær minni verbúðir, Friðrikshúsið [044] og Félagshúsið, voru sunnar á holtinu við höfnina, önnur eign heimamanna, en hin eign Eskfirðinga og skúrbygging [060] þar nærri, sem Kaupfélag Norður-Þingeyinga á Kópaskeri átti og notaði til vörugeymslu fyrir félagsmenn sína hér nærlendis," segir í Sléttunga III.

Félagshúsið stóð rúmum 150 m SSA við Búðina 011 og rúmum 80 m norðaustan við Steinholt 038. Þar er nú hafnarbakkinn og byggjupallur en húsið hefur staðið þar sem nú (2016) er stórt skilti. Grænahús 037 stóð þar um 15 m norðvestar. Verksmiðjubyggingar er bæði til vesturs og suðvesturs. Engin ummerki sjást á yfirborði eftir húsið.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 132

NP-056:060 heimild skemma

A: 636046 N: 665706

Tvær minni verbúðir, Friðrikshúsið [044] og Félagshúsið [059], voru sunnar á holtinu við höfnina, önnur eign heimamanna, en hin eign Eskfirðinga og skúrbygging þar nærri, sem Kaupfélag Norður-Þingeyinga á Kópaskeri átti og notaðir til vörugeymslu fyrir félagsmenn sína hér nærlendis," segir í Sléttungu III. VNV af húsi Friðriks Clausen [044] er pöntunarskúr úr timbri merktur inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Pöntunarskúrin var rúma 110 m sunnan við Búðina 011 og rúma 70 m norðaustan við Steinholt 038, þar sem frystihúsið stendur núna. Hann er með öllu horfinn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14, 132

NP-056:061 *Hola* heimild býli

A: 636121 N: 665571

"Rétt sunnan við Sjávarborg var húsið Hola, byggt af Norðmönnum og stóð eiginlega á stólpum út í sjónum. Þar bjuggu Þorsteinn Arnason og Rósalinde [...]. Við norðurvegg hússins Holu var síldarþró sem Norðmenn höfðu átt, líklega 6 x 15 metrar að stærð, með steypu gólfi og mannhæðarháum veggjum. Landað var í kerru og síldinni ekið í þróna. [...] Þrónni var svo breytt í sundlaug [...]. Laugin var hituð upp með gufu frá verksmiðjunni; þrjú rör lágu eftir botni hennar með götum á og úr þeim streymdi gufan og hitaði vatnið," segir í Sléttungu III. Hola var um 20 m suðvestan við verksmiðju 042 og rúmum 400 m sunnan við Lundshús 009. Þessi mannvirki eru öll horfin og þarna er nú mun yngri síldarþró, inn á milli verksmiðjuhúsa. Þarna eru nú hús við Hafnarbraut 20F.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 173-175

NP-056:062 heimild bústaður

A: 636132 N:665416

Íbúðarhús úr timbri, sunnan við hús og bryggju 057, er merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Húsið er tæpum 550 m sunnan við Lundshús 009 og rúmum 50 m sunnan við hús 058. Þarna eru nú atvinnuhúsnæði við Hafnarbraut 4. Fyrir austan byggingarnar er malbikað plan. Ekki er vitað hvenær húsið var rífið eða hvar það var nákvæmlega staðsett.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14

NP-056:063 heimild lending

A: 665310 N: 636109

Norðarlega í Gíslavík er "gamla bryggja" merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Engin mannvirki eru sýnd þar á kortinu. Gamla bryggja var rúma 550 m sunnan við Búðina 011 í lítilli vík sem hefur þó breyst eitthvað og minnkað vegna uppfyllingar í höfninni. Eitt hús, Stjörnuvúð frá björgunarsveitinni Landsbjörg, er þarna í vikinni norðan við þar sem bryggjan stóð. Hlaðinn sjóvarnargarður er í vikinni en engin önnur mannvirki eru sjáanleg. Þar er nú malbikað plan til norðurs en gróíð landsvæði og óræktað til suðurs. Hólminn er beint austur af vikinni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14



Mynd 38. Hleðsla 056:064, horft til suðurs

Innan deiliskipulagsreits umhverfis Heimskautsgerðið kom í ljós hleðsla, um 60 m vestan við Sléttuveg 870, s.s. Þjóðveginn, og 650 m vestan við bæ 001. Hugsanlegt er að hleðslan hafi verið brunnur sem grafinn var á 20. öld, fleiri slíkir brunnar eru á þessu svæði. Brunnurinn er á Melrakkaásnum í grasi og lyngi vöxnum móa. Rof er á milli þúfna. Víða standa stakir steinar upp úr móanum.

Grjóthleðslan sem um ræðir er 2 x 2 m að stærð og hefur verið ýtt niður. Ekki er um að ræða hellusteina eins og annarstaðar á svæðinu heldur stærri hnullunga. Greinilegt er að þarna hefur verið hola en engin ummerki um hlaðinn brunn eru þó lengur á svæðinu, hafi svo verið. Ekki sjást heldur ummerki um reglulega hleðslu og er aðeins sjáanleg hrúga af grjóti. Þar upp úr glittir í járnvíra sem stingast upp út grjóthrúgunni

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Rétt norðvestur af timburhúsi Björgvins Jónsonar (sjá 064) er bryggja merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Húsið er austur af Steinholti 038. "Við röltum suður eftir "götunni" [066] sem varð að víkja fyrir Hafsilfursplani og síðar togarabryggju og athafnasvæði Jökuls. Hér á klöppunum stóð húsið Brautarholt [037] sem þó gekk alltaf undir nafninu Grænahúsið, byggt á fyrsta áratug aldarinnar af Björgvini Jóhannssyni, útgerðarmanni frá Rífi. [...] Fram á klöppunum hafði Björgvin aðstöðuhús og niður af því byggði hann bryggju," segir í Sléttungu III. Bryggjan var rúma 90 m norðan við verksmiðju 042 og rúmum 310 m SSV við Lundshús 009. Þarna er nú hlaðinn bryggjukantur og malbikuð gata, Hafnarbraut. Öll ummerki um þessa bryggju eru horfin en líklega var hún gerð úr timbri.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14, 167



Mynd 39. Gamlagatan 056:066, hluti B, horft til suðurs



Mynd 40. Hluti A á Gömlugötunni 066, horft til austurs

"Á sínum tíma lá gatan fyrir neðan Lundshúsið en þegar síldarplönin risu hvert af öðru þurftu þau gott athafnasvæði

og lagerpláss. Því var rammaður niður kantur eða þil við fjöruborðið og fyllt upp fyrir innan með efni og yfirlagið steipt. Þar með var vegurinn einnig færður ofar, upp fyrir athafnasvæði söltunarstöðvanna. [...] Eftir að þorp fór að myndast á Raufarhöfn og allt fram undir miðja öldina, var fyrst og fremst ein gata sem máli skipti; Gamla gatan sem lá um byggðina úti í Sandi; þar var Búðin [011], kirkjan og Lundshúsið [009] og þar festi þorpið rætur. Þaðan lá hún með sjónum, yfir lækinn og ofan við athafnasvæði bryggjana, fyrir ofan norsku síldarverksmiðjuna og meðfram þeim íbúðarhúsum sem flutt voru eða rifin þegar mjölgeymsla verksmiðjunnar var byggð. Þá lá gata þvert yfir núverandi Hafnarbraut og suður á Framnesið. Og það er einmitt sá hluti hennar sem enn er til staðar og nefnist nú Víkurbraut, en í hugum margra er hún Gamlagatan," segir í Sléttungu III. Gamlagata sést ennþá á Raufarhöfn. Hún hlykkjast á milli húsanna á "holtinu" og er ennþá akfær að mestu. Að sögn Helga Ólafssonar, heimildamanns, lá gatan sunnan við húsinn norðan við höfnina, sveigði til suðurs við Búðina 011 og fór þaðan til suðurs, vestan við mesta athafnasvæðið. Leiðin liggur í gegnum þorpið, á milli húsa og er að hluta undir mannvirkjum.

Gamlagatan fær bókstafi til aðgreiningar í lýsingu þessari. Leiðin var a.m.k. 900 m að lengd og lá í gegnum allt þorpið. Tæpur helmingur hennar er horfinn. Hluti A sést sem vegslóði fyrir sunnan húsið Barð 068, norðan við höfnina. Þar er vegslóði, suðurhlíðin afmarkast af hlöðnum kanti sem er 0,3 - 0,4 m á hæð. Þar sjást 2-3 umför af grjóti og steypa en ennþá varðveitt að hluta. Kanturinn er 30 m að lengd og liggur austur-vestur. Aðrir hlutar af þessum steipta vegi eru horfnir undir byggingar eða raskaðir að öðru leyti. Ennþá er hægt að sjá Gömlugötu á tæplega 500 m löngum kafla sunnan við Búðina 011 og hús Hafsilfurs. Þar er einbreiður malarvegur sem ennþá er hægt að aka eftir. Þessi kaflur fær hér bókstafinn B. Að sögn Helga lá leiðin undir húsi Hafsilfurs og áfram þar til suðurs, undir verksmiðjuhúsum. Þegar sunnar dregur sést Gamlagata aftur, þar kallast hún Víkurbraut. Þar er einbreiður malarvegur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 158, 165-166

NP-056:067 heimild býli

A: 636107 N: 665749

Norðaustur af pöntunarskúr [060] er timburhús, með timburbyggju framan við, merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Þessi mannvirki eru horfin en voru tæpum 250 m SSV við Lundshús 009 og 250 m norðan við býli 056. Þarna er nú bryggja og athafnasvæði Hafsilfurs. Hvar nákvæmlega húsið var er ekki vitað en líklega eru lítil ummerki varðveitt undir sverði. Hér gæti einnig verið um sama hús og Félagshúsið 059 að ræða en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Þarna er sem fyrr segir bryggja og athafnasvæði Hafsilfurs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14

NP-056:068 heimild býli

A: 636192 N: 665917


Suðaustur af Grund (055) er timburhús, íbúðarhús Hallgríms Gunnlaugssonar merkt inn á kort af Raufarhöfn frá 1919 (prentað í Sléttungu III). Húsið er horfið, það var á sjávarbakknum neðan við tvö yngri hús sem þar eru nú. Eystra húsið kallast Barð og þetta hús var þar sunnar. Það er verið að gera Barð upp (2016). Gamlagata 066 lá á þessum slóðum, ekki er ljóst hvort hún var neðan eða ofan við húsið. Húsið var tæpum 60 m suðvestan við Lundshús 009. Þarna eru nú óræktuð svæði umhverfis nokkur hús. Engin ummerki hússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 14



Mynd 41. Tóft 056:069, horft til norð norðausturs



Mynd 42. Teikning af tóft 056:069

"Einhverjir kofar voru hér út við Klifin sem hét Mölin og var búið þar 1894, því þá flosnuðu þau upp þaðan Páll og Anna, dóttir Páls Illugasonar, um miðjan vetur," segir í Leiftur frá liðnum tímum e. Kristinn Kristjánsson. "Út með Bæjarvíkinni stóðu fjárhús Lundshússins og þar voru einnig fjárhús Guðmundar Jónassonar og seinna sonar hans Karls sem allir þekktu sem Kalla Munda. [...] Árið 1881 flyst hingað til Raufarhafnar, innan af Tjörnesi, Sigmundur Gestsson ásamt konu sinni Sigríði og fjórum börnum [...]. Þau byggðu sér bæ hér norður á Mólinni, norðan við Tjörmina og kölluðu "Mól". Er Sigmundur kallaður "tómthúsmaður". [...] Upp af Bæjarvíkinni eru bæjartóftir - kannski af bœnum Mól sem Hólmsteinn greinir frá [...]," segir í Sléttungu III. "Nú er að fara aftur í Bæjarvík, sem fyrr var getið. Við hana heitir Á mölinni. Það er eyðibýlið," segir í Örnefnaskrá (AG). "Á mölinni (eyðibýli, nú fjárhús)," segir í Örnefnaskrá (NL & GJ). Lundhúsborg er nefnd í þeirri Örnefnaskrá á eftir eyðibýlinu á Mólinni og á undan Raufarhafnarhöfða. Sé horft á texta og myndefni í bókinni Sléttungu eru fjárhús kallaðar borgir. Helgi Ólafsson, heimildamaður, taldi þetta allt sama staðinn, býlið, fjárhúsin og borgina. Fjárhúsin eru tæpum 220 m sunnan við bæ 001 og rúmum 310 m norðaustan við Lundhús 009. Bæjarvík er 20 m vestar. Ekki sér til bæjarhóls enda ábúðin á þessum stað stutt. Umhverfis tóftina er gróið tún sem komið er í órækt. Þar eru lágir malarhryggir og mýrlent á milli þeirra. Stutt er niður á grjóti í túninu.


Tóftin er 22 x 9 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er einföld. Líklega voru hólfin fleiri en timburveggir eða þil afmarkað þau. Þakið er hrúnið inn í tóftina og erfitt að átta sig á nákvæmu lagi hennar. Þaksperrurnar liggja inni í tóftinni og stoðirnar þvert yfir. Þær eru gerðar úr rekaviði og eru umfangsmiklar. Tóftin er 18 x 5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðri norðurhlið og annað í suðausturhorni. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu en erfitt er að sjá báða endana vegna þaksins. Í suðausturhorni, við opið, er steipt fjárbað. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, neðri hlutinn úr grjóti en torf er í efri hluta. Þeir eru 2 m á breidd og 0,8 - 1,2 m á hæð. Það má greina 3 - 5 m af hleðslugrjóti neðst í veggjunum. Líklega var bara bárujárn í þaki, það sést mikið af því inni í tóftinni og yfir sperrum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 2; Ö-Raufarhöfn NL & GJ, 1; Kristinn Kristjánsson, 187; Sléttunga III, 128, 156; Ö-Raufarhöfn NL & GJ, 1



Mynd 43. Tóft 056:070, horft til SSV



Mynd 44. Teikning af tóft 056:070

Tóft er 5 m austan við fjárhús 069 og tæpum 230 m sunnan við bæ 001. Hér er líklega um útihús að ræða sem var innan heimatúns Raufarhafnar, þ.e. bújarðarinnar. Það tilheyrði líklega fjárhúsum 069 eða býlinu á Mólinni. Tóftin er nær fjörunni en fjárhús 069. Umhverfis tóftina er gróið tún sem komið er í órækt. Þar eru lágir malarhyggir og mýrlent á milli þeirra. Stutt er niður á grjóti í túninu.

Tóftin er 6 x 6 m að stærð, einföld og algróin. Veggirnir eru 2 m á breidd, 0,3 m á hæð og torfhláðir. Tóftin er opin til suðurs. Þessi tóft er mun signari en fjárhús 069 en ekki er ólíklegt að þau hafi verið í notkun á svipuðum tíma, nálægðin er slík.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

NP-056:071 heimild leið

A: 636003 N: 665671

"Það lá gata upp af Gömlugötunni [066], og við hana stóðu nokkur hús. [...] Eitt þeirra var Hefill sem var trésmíðaverkstæði [síðar nefnt Helgafell ...]. Ofar við götuna stóðu tveir torfbærir sem líklega voru báðir með Tjarnarnafnið [053 og 072]." segir í Sléttungu III. Gatan lá til vesturs frá Gömlugötu og er horfin. Þarna er nú eystri hluti götunnar Mýrarbrautar og liggur hún að húsi Hafsilfurs og bryggjunnar þar enn austar. Mýrargata er malarvegur og líklega mun breiðari en eldri gatan. Ekki sér til húsanna sem þarna voru vegna niðurrifs. Meðfram Mýrargötu eru óræktaðir grasblettir og atvinnuhúsnæði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Sléttunga III, 169

NP-056:072 Tjörn heimild býli

A: 635995 N: 665651

"Þessi torfbær, Tjörn [053], mun hafa staðið skammt frá þeim stað sem síðar reis húsið Tjörn rétt norður af Glaumbæ sem nú er. Geir Ágústsson man eftir þeim þar. [...] Ofar við götuna [071] stóðu tveir torfbærir sem líklega voru báðir með Tjarnarnafnið. [...] Annar þeirra stóð nokkuð norðan við götuna, nær frystihúsinu. [...] Geir segir mér að þetta hafi verið "töluverður bær og hægt að hafa þar einar fjórar til fimm kýr. [...] Skammt sunnan þessa torfbæjar var reykkofi þar sem Valla og Friðjón reyktu kjöt. Seinna [1932] byggðu þau þar lítið timburhús og nefndu Reykholt," segir í Sléttungu III. Þessi Tjörn var rúmum 30 m ANA við Tjörn 053 og 40 m vestan við Steinholt 038. Þar sem Tjörn var staðsett er gróið svæði, í miðju þorpinu. Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 129, 169

NP-056:073 heimild tjaldstæði

A: 636136 N: 665180

"Á bárunni, Kotbáru, sunnan við Framnesið slógu Bretarnir upp tjöldum sínum er þeir gengu á land á Raufarhöfn í upphafi stríðsins [...]. En síðar voru þeir bræður Jónas og Sigurður Finnbogasonir þar með fjárhús og einnig var fjós þar hjá sem nýttist fleirum en einum," segir í Sléttungu III. Tjaldstæðið var um 180 m suðaustan við íshús 020 og rúmum 780 m sunnan við Lundshús 009. Eins og búast má við eru engin ummerki um tjaldstæðið sjáanleg enda mikið rask á þessu svæði. Engin ummerki sjást heldur um fjárhúsin og fjósið sem var reist þarna á seinni hluta 20. aldar. Þarna er nú malarplan norðan við húsið að Víkurbraut 18. Engin ummerki um tjaldstæðið sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sléttunga III, 186

NP-056:074 mannvirki bústaður

A: 635719 N: 665080




Mynd 45. Herminjar 056:074, horft til austurs

"Áður en við afgreiðum Ásgötuna bregðum við okkur upp á Nónásinn og lítumst um. Þar settu Bretarnir niður sínar aðalstöðvar en ekkert er eftir nema grunnarnir," segir í Sléttungu III. Grunnar herminjanna eru um 830 m suðvestan við Búðina 011, uppi á ásnum, vestan við Raufarhafnarbæ. Herminjarnar eru 140-150 m norðvestan við stóru möstrin uppi á ásnum. Uppi á Nónásnum er landið þýft og þakið grasi og lyngi. Tún er til norðvesturs sem er nýtt til beitar. Minjasvæðið er 52 x 38 m að stærð og snýr norðvestur – suðaustur. Aðalinnangangur hefur líklega verið til norðvesturs en önnur op eru til norðausturs. Aðeins grunnar herminjanna standa eftir uppi á ásnum. Þar er ýmist að finna steiptar gólfplötur og gróna vegg. Þar er einnig neðsti hlutinn af steiptum stiga og sunnarlega í minjunum má sjá einstaka bárujárn og viðarleifar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Sléttunga III, 189



Mynd 46. Teikning af herminjum 056:074

NP-056:075 varða samgöngubót

A: 634935 N: 666576



Mynd 47. Varða 056:075, horft til suðausturs

Varðan er tæpum 1,5 km vestan við bæ 001 og tæpum 800 m norðvestan við vörðu 076. Hún er á lágu holti norðan við Kríuvatn, uppi á sléttunni vestan við Heimskautsgerðið. Mosavaxið mólendi er á holtinu en mýrarsvæði eru til norðurs og vesturs. Kríuvatn og Glápavötn eru til suðvesturs.

Varðan er 2 x 1,5 m að grunnfleti og snýr austur - vestur. Hún er 0,7 m á hæð og er hlaðin úr hellugrjóti, 6 - 7 umför. Neðstu raðirnar eru grónar. Varðan er ekki mjög vandlega hlaðin. Varðan er líklega hluti af leið 090 sem hefur legið þarna um, ásamt vörðu 076, 078 og brú 077.

Hættumat: engin hættu

NP-056:076 varða samgöngubót

A: 634253 N: 666240



Mynd 48. Varða 056:076, horft til austurs

Varða er rúmum 2,1 km vestan við bæ 001 og 1 km norðan við Glápavatnsvörðu 016. Um 320 m norðaustan við vörðuna er einnig hellulögð brú 077 yfir læk. Varðan er norðan við efra Glápavatn, á litlum skaga nær austurhluta vatnsins, nálægt bakka vatnsins. Þar er þýfður og mosavaxinn lyngmói og Glápavötnin eru til austurs og suðurs.

Varðan er 2 x 2 m að grunnfleti og er ferköntuð. Hún er 0,9 m að hæð og er hlaðin úr hellugrjóti. Hún er ekki vandlega hlaðin og smávegis hrunin til suðvesturs. Það sést í 5 - 6 umför af grjóti. Botn hennar er ekki hlaðinn hellugrjóti heldur stærra og breiðara grjóti. Varðan er líklega hluti af Raufarhafnarleið 090 sem hefur legið þarna yfir Sléttuna, ásamt vörðu 075, 078 og brú 077.

Hættumat: engin hættu

NP-056:077 brú brú

A: 634486 N: 666457



Mynd 49. Brú 056:077, horft til norðurs

Tæpum 2 km vestan við bæ 001 rennur lítil lækur í gegnum mýrarsvæði, úr Kríuvatni til norðurs. Yfir lækinn er lítil steinbrú, fjórar hellur sem lagðar hafa verið yfir lækinn. Brúin var líklega notuð á leið 090 sem lá á þessum slóðum. Þar er lyng- og grasmói, holtin til vesturs og austurs, Kríuvatn til suðurs en mýrar til norðurs.

Brúin er 2 x 1,5 m að stærð. Fjórir stórir og langir hellusteinar liggja þvert yfir lækinn sem rennur þar í gegnum mýrarnar norður-suður. Steinarnir eru 1,5 m á lengd og eru grónir við bakka lækjarins. Fjórar hellur liggja hlið við hlið yfir lækinn en einn þeirra er hruninn milli hinna steinanna. Brúin stendur þó enn og hægt er að ganga yfir hana. Brúin var notuð á leið 090 sem var á þessum slóðum.

Hættumat: engin hættu

NP-056:078 varða samgöngubót

A: 635254 N: 666319



Mynd 50. Varða 056:078, horft til vesturs

Varða er innan deiliskipulagsreits umhverfis Heimskautsgerðið, 120 m vestan við Heimskautsgerðið og 1,1 km vestan við bæ 001. Hún er uppi á Melrakkaásnum þar sem Heimskautsgerðið stendur, 20-30 m vestan við girðinguna sem girðir það af. Varðan er á holti sem er vaxið grasi og mosa. Þar er mikið um stóra staka steina.

Varðan er byggð uppi á flötum steini. Hún er 0,7 x 0,7 m að stærð og 0,3 m á hæð. Það sést í 3 - 4 umför í henni. Hún er byggð úr hellusteinum og hefur ekki verið vandað mikið til verka við byggingu hennar. Varðan er líklega hluti af leið sem hefur legið þarna um 090, ásamt vörðu 075, 076 og brú 077.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

NP-056:079 gerði kálgarður

A: 636803 N: 665947



Mynd 51. Kálgarður 056:079, horft til norð norðausturs



Mynd 52. Teikning af kálgarði 056:079


Gerði er um 300 m austan við kálgarð 003 og 570 m austan við Lundshús 009. Það er á svokölluðum Lághöfða og sé tekið mið af lagi og staðsetningu er líklega um kálgarð að ræða. Það er norðaustarlega í Lághöfðanum, hlaðið suðvestan í lága brekkubrún sem þar er. Svæðið er flatt, lyng og mosi eru áberandi. Á þessum slóðum er víða jarðrask en ekki er vitað í hvaða tilgangi.

Kálgarðurinn er 26 x 12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann skiptist í tvö hólf. Lýsingin hefst til suðurs, í hólf 1. Það er 12 x 12 m að innanmáli og op er í suðvesturhorni. Veggirnir eru torfhláðnir, 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hólf 2 er norðvestar. Varðveisla þess versnar eftir því sem sunnar dregur. Það er 14 x 9 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir er torfhláðnir, 0,1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta



Mynd 53. Kálgarðar 056:080, horft til austurs



Mynd 54. Teikning af kálgörðum 056:080

Gerði eru á austanverðum Höfðanum, rúma 930 m austan við Búðina 011 og um 270 m norðaustan við vitann sem uppi á höfðanum. Þeir liggja allir niðri í dæld sem myndast milli hæsta odda höfðans og bjargs við sjóinn og hafa því verði í ágætis skjóli. Dalurinn er þýfður lyngmói en grasi vaxið og slétt er innan kálgarðanna.

Minjasvæðið er 56 x 50 m og samanstendur af þremur kálgörðum sem liggja í litlum dal á höfðanum, í skjóli frá hafvindum. A) er 15 x 17 m að stærð, snýr austur-vestur og er opinn til SSV. Hann er hlaðinn upp í hallann á brekkunni til austurs og hallar niður til vesturs. Veggir hans eru torfhlaðnir og glittir sumstaðar í grjót. Svæðið innan kálgarðsins hefur verið sléttað nema austustu 2 - 3 metrnir, efst í brekkunni. Hæð veggja er 0,2 m og breidd þeirra er 0,5. B) er 28 x 24 m að stærð og snýr suður-norðvestur. Hann er fimmhyrntur og hefur verið hlaðinn þannig til þess að nota brekkuna sem best en beygja er í henni. Líkt og kálgarður 080A hefur hann verið sléttaður í miðjunni og hallar niður frá brekkunni til vesturs. Veggir eru torfhlaðnir, 0,5 m á hæð og 0,5 m á breidd. Um hálfum metra frá austurveggnum er niðurgrafinn kantur. Þar sést vel að brekkan hefur verið stungin upp, líklega til ræktunar. Kálgarður C) er óljósari en hinir tveir. Hann er 16 x 14 m og snýr suðvestur-norðaustur. Hann er vestan megin í litla dalnum á höfðanum, til móts við hina tvo. Hann er hlaðinn upp í brekkuna en ekki ber neitt á vegg vestast heldur hefur aðeins verið grafið þar niður til að mynda kant. Veggjahæð er 0,2 - 0,3 m og veggir eru 0,5 m breiðir. Hann hefur verið sléttaður að innan. Ekki er endilega víst að þessir kartöflugarðar séu fornir.

Hættumat: engin hætta



Mynd 55. Klaustursteinar 056:081, horft til austurs

Klaustursteinn er sýndur á teikningu af Raufarhöfn frá árinu 1821 (birt er í Sléttungu III). Þórhallur Vilmundarson bendir á þetta örnefni í grein sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975. Hann telur það tengjast Möðruvallaklaustri en klaustrið hafði rekaítök í Raufarhöfn líkt og kemur fram í máldaga frá 1296. Þórhallur nefnir einnig að Ólafur Olavius kallar nesið vestan Raufarhafnar, Klaustursteinsnes í bók sinni. (Reise, 418).

Klaustursteinsnes er 320 m norðan við vita 014, fast austan við íþróttavöll við grunnskóla Raufarhafnar. Þarna eru þrjú stakstæðir steinar eða björg en ekki er ólíklegt að þeir hafi eitthvað verið færðir við gerð íþróttavallarins. Tveir af steinum eru áberandi stærstir. Þeir eru 1 - 1,5 m á hæð og 3 x 3 að stærð. Sá minnsti er rúmlega 1,5 x 1,5 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: DI II, 312; Þórhallur Vilmundarson, 1976, 82; Sléttunga III, 17



Mynd 56. Varða 056:082, horft til aust norðausturs

Varða er um 500 m norðaustan við Grashól 022, á lágum klapparás. Varðan er líklega hluti af leið 087 en öll tengsl vantar þar á milli til staðfestingar. Af þeim sökum er hún höfð hér undir sérstöku númeri. Varðan er um 7,7 km sunnan við bæ 001 og rúmum 1 km suðvestan við syðstu vörður 087. Klapparásinn er vaxin mosa, lyngi og öðrum heiðargróðri. Varðan sést víða að. Mýrlent er til norðurs frá vörðunni.

Varðan er 2,5 x 1 m að grunnfleti og 1,1 m á hæð. Það má sjá 10 umför af hellugrjóti í henni en það finnst víða á þessu svæði. Hrun er til norðausturs frá vörðunni og líklega var hún hærri. Grjótið er vaxið gulum og grænum skófum.

Hættumat: engin hætta

NP-056:083 heimild landamerki

A: 633322 N: 661337

Landamerki 1918: "Úr Sellæk við Deildará í vörðu austan við Seltjörn [...]", ". Þetta er tilvísun í landamerkjabréf Grashóls NP-056B sem er ekki hluti af Raufarhafnarhrepp þrátt fyrir að vera byggð úr bújörðinni. Ekki er vitað hvar Sellækur eða Seltjörn eru staðsett nákvæmlega en hér var stuðst við uppdrátt af hreppnum sem gerður var árið 1991 og fannst við heimildaleit á vefsíðunni venus.lmi.is þegar reynt var að staðsetja vörðuna. Ekki er ljóst hver ber ábyrð á þessari heimasíðu en þar eru gögn sem fóru á milli þáverandi sveitarstjórnar og Landmælinga Íslands. Varðan fannst ekki þar sem skrásetjarar töldu Seltjörn vera, tæpum 6 km SSV við bæ 001 og um 2,4 km norðan við Grashól 056b:001

Seltjörn er fremur lítil, raflína liggur við vesturenda hennar. Tjörnin er norðan við nafnlausan bakka eða ás sem er norðan af Grashól. Hreppamörkin og um leið landamerki Grashóls liggja þarna yfir og þau vötn sem eru vestar eru flest með þekkt nöfn. Allt umhverfis tjörnina er heiði, mosi og lyg eru áberandi á lágum holtum sem liggja á milli mýra. Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerki 1918; Landmælingar Íslands (án árs).

NP-056:084 heimild landamerki

Landamerki 1918: "[...] þaðan [083] í vörðu á Langajarðabakka austan við Grænur, og síðan í Hvannlæk við Grænuhöll." Þetta er tilvísun í landamerkjabréf Grashóls sem er ekki hluti af Raufarhafnarhrepp þrátt fyrir að vera byggt úr bújörðinni. Skrásetjurum vannst ekki tími til þess að fara að Langajarðabakka enda langur gangur þangað og birtan stutt seinnihluta árs. Ekki fannst heimildarmaður fyrir þetta svæði sem gat staðfest hvar vörðuna er nákvæmlega að finna. Frekari heimildir og annan árstíma þarf til þess að staðsetja vörðuna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerki 1918.

NP056:085 heimild leið

A: 636378 N:666343

Á teikningu af Raufarhöfn frá árinu 1821 (birt í Sléttungu III), er sýnd leið milli bæjar 001 og áfram til suðurs að bæ 032. Leiðin lá til suðurs, á milli nafnlausrar tjarnar til austurs og Klifanna til vesturs. Hún lá nærri fjörunni og fór norðaustan við Lundhústjörn sem er kölluð Bárar- eða Bæjartjörn á teikningunni og að bænum.

Þarna er nú (2016) gróið tún sem komið er í órækt. Gróðurþekjan er þunn. Lundhústjörn var fyllt með efni sem dælt var upp úr höfninni og aðeins lítill hluti hennar sést ennþá. Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Sléttunga III, 17

NP-056:086 náma mógrafir

A: 635243 N: 664128

Mógrafir eru í mýrinni suðaustan við Miðás, 2,6 km SSV við bæ 001 og 1,4 km suðaustan við Glápavatsvörðu 016. Deildará rennur sunnan við mýrina. Þar er mikið og blautt mýrarsvæði en ekki sést til neinna mógrafa á svæðinu. Samkvæmt heimildarmanni, Helga Ólafssyni, tók faðir hans svörð á því svæði. Mórinn var svo þurrkaður á svæðinu og krakkarnir á Raufarhöfn sendir á sleðum að sækja hann um veturinn. Þarna er nú mjög blaut mýri og mikið af vötnum. Ekki sést til mógrafa á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

NP056:087 varða leið

A: 633865 N: 660386



Mynd 57. Varða 056:087-4, horft til norðurs



Mynd 58. Varða 056:087-15, horft til norðurs

Vörðuð leið, líklega á milli Grashóls NP-056b:001 og beitarhúsa 017, sést norðan við Ytra-Deildarvatn. Leiðin liggur austan við nafnlausan ás og samtals voru skráðar 16 vörður á leiðinni. Hún var ekki rakin öll, varða sást norðan við beitarhúsin og mögulega lá hún að Seljajarðabakka og allt að Raufarhöfn. Leiðin er ekki sýnd á neinum kortum né getið í örnefnaskrá. Leiðin sést hlykkjast á milli varðanna og eftir ásbrúninni. Hún líkist kindastíg, þarna er ein gata sem er 0,2 m djúp og gróin á köflum. Vörðurnar liggja eftir austurbrún lágs áss og stutt er á milli þeirra. Mýri er til austurs. Mosi og lyng er áberandi á þessum slóðum en stutt er niður á mel og grjót.

Leiðin var rakin á rúmlega 820 m löngum kafla. Í lýsingu þessari var hverri vörðu gefin tölustafur til aðgreiningar. Varða 1 er syðst af þeim vörðum sem skrásetjari sá. Hún er á hraunklökk og hrunin. Hún er hlaðin úr fremur stórum steinum og neðsta umfarið sést ennþá. Varðan var ekki mjög há, hrun úr henni sést til suðausturs og það er ekki umfangsmikið. Varðan er 2 x 1 m að grunnfleti og 0,2 m á hæð. Grjótið er vaxið skófum. Varða 2 er 130 m VNV við vörðu 1 og er ekki í línu við allar hinar vörðurnar. Hún er þó án efa hluti af þessum vörðum og leiðinni, ástand hennar er eins og allra hinna. Hún er hlaðin úr hellugrjóti, er 1,5 x 1 m að grunnfleti og 0,3 m á hæð. Það má sjá 8-10 umför af hellum í henni. Varðan er fallin saman í miðjunni. Hún er vestar á sama hrygg eða brún og hinar vörðurnar. Varða 3 er 10 m norðan við vörðu 1. Hún er hlaðin úr hellum og steinum og er hringlaga. Hún er 2 m í þvermál, 0,3 m á hæð og það má greina 3 umför af grjóthleðslu í henni. Það er hrun til norðausturs. Varðan er skófum vaxin. Varða 4 er 50 m norðar. Hún er hlaðin á jarðföstum stein og eykur það hæð hennar. Steinninn er 0,3 m á hæð en varðan sjálf 0,6 m. Samtals er hún um 1 m á hæð. Hún er hlaðin úr hellum og það má sjá 5-6 umför af grjóti í henni. Járnvír sést efst í vörðunni, honum er stungið inn á milli steinanna. Varða 5 er 24 m norðar. Hún er hlaðin á suðurhluta lítills lækjargils sem gengur til vesturs inn í ásinn sem vörðurnar eru á. Hún sést illa fyrir en að henni er komið. Varðan er hringlaga, 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Það má greina 5-7 umför af grjóthellum í henni. Varða 6 er 105 m norðan við vörðu 5. Hér er um hrúgu að ræða fremur en vel hlaðna vörðu. Hún er 2,3 x 1 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er 0,2 - 0,3 m á hæð. Ekki sjást greinileg umför eða hrun

í vörðunni. Varða 7 er 11 m norðar. Hún er hlaðin á flatan, jarðfastan stein. Hann er 0,2 m á hæð en varðan sjálf er 0,4 m. Samtals er hún því 0,6 m á hæð. Varðan er 1 m í þvermál. Það má sjá 6 - 9 umför af grjóthleðslu í henni, bæði hellur og steina. Vörður 8 og 9 eru lágar vörður og þær virðast ekki hafa verið fullhlaðnar. Þær eru 20 - 35 m norðan við vörðu 7. Þær eru 2 x 1 m að grunnfleti, 0,3 - 0,4 m á hæð og þar má sjá 2 - 4 umför af grjóti. Varða 10 er 19 m norðan við vörðu 9 og er lítið annað en grjóthrúga. Hún er 3 x 1 m að stærð og 0,3 m á hæð. Það sjést hvergi regluleg hleðsla eða umför í henni. Varða 11 er 4 m norðar. Hún er 2 x 1,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Hún er 0,4 m á hæð og hrunin niður. Það má sjá 3 - 5 umför af grjót í henni. Það er op í gegnum vörðunna og hugsanlega var þarna refagildra. Varða 12 er 18 m norðar og lítið annað en hrúga. Hún er 3 x 1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2 m á hæð. Varða 13 er 17 m norðar. Hún er lítið annað hrúga sem sést ekki fyrr en að henni er komið. Hún er 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Varða 14 er 36 m norðar. Hún er fremur lítil, 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Það má sjá 6 umför af hellum í henni. Hrun er til norðausturs. Varða 15 er 95 m norðar. Hún er 2 m í þvermál, 0,5 m á hæð og það má sjá 5 - 6 umför af grjóti og hellum í henni. Efri hluti grjótsins er vaxið skófum. Vaða 16 er rúmum 280 m norðar, norðan við beitarhús 017. Leiðin liggur fast austan við tóftina og áfram til norðurs. Hún er 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Það má sjá 3 - 4 umför af grjóti í henni. Ekki sáust fleiri vörður til norðurs en tekið skal fram að ekki var gengið langt frá vörðunni.

Hættumat: engin hætta

NP-056:088 varða samgöngubót

A: 636802 N: 665661



Mynd 59. Varða 056:088, horft til vesturs

Varðan er uppi á Höfðanum austan við bæinn, um 210 m norðan við vitann og tæpum 880 m suðaustan við bæ 001. Höfðinn er mosa- og lyngi vaxið holt og þar er mikið af stöku grjóti.

Varðan er 3 x 3 m að stærð og 0,7 m á hæð. Hún er hrunin að stóru leiti og lítur meira út eins og steinahrúga. Varðan er hlaðin úr frekar stóru grjóti, ekki hellugrjóti. Hægt er að greina 4 umför af grjóti, þó að varðan sé reyndar mjög hrunin.


Hættumat: engin hætta

NP-056:089 tóft + garðlag útihús

A: 636697 N: 665938



Mynd 60. Tóft og garðlag 056:089, horft til suðurs



Mynd 61. Teikning af tóft og garðlagi 056

Tóft og garðlag eru norðan undir svokölluðum Lághöfða, tæpum 110 m vestan við kálgarð 079 og rúmum 460 m

austan við Lundshús 009. Þetta eru líklega ekki mjög fornar minjar en hafðar hér með vegna forns byggingarlags. Garðlagið og tóftin eru í norðausturhorni gróins túns, líklega stækkunar á heimatúninu sem sést á túnakorti frá 1919.

Fyrir sunnan minjarnar er gróið tún sem komið er í órækt. Í því miðju er kofi, líklega hesthús frá 20. öld. Túnið var slegið en er komið í órækt. Óræktaður mói er umhverfis það til allra átta nema vesturs, þar var heimatúnið. Minjarnar eru á svæði sem er 32 x 15 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðlag A afmarkar norðaustur- og norðurhluta þess. Það er 37 m að lengd og liggur í L-laga horn. Það er torfhláðið, 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Það er algróið og hliðar þess beinar. Tóft B er við vesturenda garðlags A og er hún sambyggð því. Hún er 6 x 4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 - 0,4 m á hæð. Op er í suðausturhorni. Tóftin er grafinn inn í hrygg sem er norðan við túnið og inni í henni sést glitta í spýtur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

NP-056:090 Raufarhafnarheiði heimild leið

A: 635405 N: 666040



Mynd 62. Leið 056:090 lá frá Raufarhöfn yfir Melrakkaásinn til vesturs, horft til austurs

"Vestur af Klifinu er þó nokkur ás, sem heitir Melrakkaás. Um hann liggur Raufarhafnarheiði; það er vegur þvert í Blikalón," segir í örnefnalýsingu. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti 80-90 frá 1932. Þar liggur hún til ANA frá veginum sem lá upp Klifin, eftir suðurhluta Melrakkaáss og yfir í land Hökuldarstaða eða Ásmundarstaða. Leiðin er sýnd liggja þvert yfir alla Melrakkasléttu og eflaust er hægt að rekja hana að stórum hluta. Ekki er vitað hvort hún var vörðuð alla leið en svo virðist vera í landi Raufarhafnar, vörður 075-076 og 078 eru við hana. Einnig er brú 077 yfir lítinn læk í mýrunum sem leiðin liggur í gegnum.

Þar sem leiðin lá er grýttur ás og þunn gróðurþekja. Svæðið er vaxið grasi og lúpínu á köflum, annars er mosi áberandi. Leiðin var skoðuð þar sem hún lá sunnan í Melrakkaás. Þar lá hún skammt sunnanvið núverandi malarveg að Heimskautsgerði. Sá

vegur liggur líklega yfir vesturhluta leiðarinnar. Skrásetjari var leiðarinnar ekki var á vettvangi, jarðvegurinn er þunnur og víða glittir í grjót og mel á milli grasvaxinna náttúrulegra paldra.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 1; Landmælingastofnun Dana, 1935

NP-056:091 hleðsla kálgarður

A: 636954 N: 665833



Mynd 63. Kálgarður 056:091, horft til suðausturs

Mannvirki er norðaustan við Háhöfða, milli kálgarða 079 til vesturs og kálgarða 080 til austurs. Þetta er líklega kálgarður líkt og minjar 079 og 080 en búið er að grafa jarðveg innan úr honum og raskið er mikið. Kálgarðurinn er rúmum 180 m suðaustan við kálgarð 079 og rúmum 720 m austan við Lundshús 009. Þar er þýfður lyngmói en grasi vaxið og sléttlendi er innan kálgarðsins.

Kálgarðurinn er 40 x 24 m að stærð og snýr norður-suður. Til norðurs og austurs sjást slitrur af torfhlöðnu garðlagi sem er 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Fyrir "neðan" það er brattur kantur sem er 0,7 m á hæð og gróinn. Þarna er búið að taka burtu jarðveg. Önnur vísending um efnistöku er gróðurfar. Inni í kálgarðinum er munur á gróðurfari og engu líkara en annar kálgarður hafi verið þar. Einu ummerki þess er meiri grænka og þéttara gras. Þetta er líklega ekki

gamalt mannvirki en fær að njóta vafans og haft hér með líkt og fleiri mannvirki á Lágðanum.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

NP-056:092 tóft óþekkt

A: 635343 N: 664376



Mynd 64. Tóft 056:092, horft til suðvesturs



Mynd 65. Teikning af tóft 056:092

Tóft er rúmum 1,6 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 1,3 km suðaustan við Glápavatsnsvörðu 016. Hún er í holtunum norðan við mýarsvæðið sem er á svæðinu. Þar er lítill hóll nyrst í mýrarflóanum vaxinn þýfðum lyngmóa. Mýrargróður er allt í kringum hólinn og Miðásinn er til norðvesturs.

Tóftin er 8 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er opin til norðurs og er sporöskjulaga. Hún er einföld og er 6 x 2 m að innanmáli. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en það sést þó aðeins í einn stein í austurhenda hennar. Veggir tóftarinnar eru frekar þýfðir og tóftin sjálf er mjög sigin. Hæð veggja er 0,1 - 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

NP-056:093 heimild leið

A: 636210 N: 665031

Á teikningu af Raufarhöfn sem gerð er árið 1821 (birt í bókinni Sléttungu III), sést leið liggja að bæ 032. Hér er um gamla þjóðleið að ræða. Leiðin lá meðfram fjörunni, uppi á sjávarkampinum að Koti 013. Þar fór hún vestan við bæinn, á milli hans og Kottjarnar sem er enn vestar. Leiðin lá áfram eftir fjörunni og alveg að bæ 032. Þessi leið lá austar en Gamlagata 066 nema norðan við höfnina, þar eru þær á svipuðum stað.

Norðurhluti byggðarinnar á Raufarhöfn kallast Holtið og Sandur. Þar eru engin ummerki leiðarinnar á yfirborði. Óljóst mótast fyrir götum á loftmynd norðaustan við Kottjörn en ekki var hægt að greina þær á vettvangi. Aðrir hlutar leiðarinnar eru komnir undir hús, vegi og bryggjur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sléttunga III, 17

NP-056:094 heimild leið

A: 635915 N: 666229


"Nyrst á þessum hrygg liggur svo þjóðvegurinn, og heitir þar ofar Klifabrún á holtinu, en þar sem vegurinn er, Klif," segir í örnefnalýsingu. Á herforingjaráðskorti 80-90 frá 1932 sést þjóðleiðin liggja á þessum stað. Ekki er ljóst hvort að leiðin var vagnfær eða ekki. Leiðin lá áfram til norðurs að Höskuldarnesi og fyrir Melrakkasléttu. Leiðin lá eftir lágum ásum og yfir mýrar. Hún var einungis rakin í landi Raufarhafnar og sést ekki þar, þjóðvegurinn er á sama stað.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 1; Landmælingastofnun Dana, 1935

NP-056b Grashóll

Heimatún Grashóls NP-056b



1861: Grashóll var hjáleiga Raufarhafnar, sameiginleg 5 forn hundruð (25,6 ný), samkvæmt Ný jarðarbók fyrir Ísland, 130.

„Einar Sveinsson og Guðrún hans eru enn talin þar [á Raufarhöfn árið 1845]. Þrátt fyrir allgóðar heimildir að hann hafi byggt Grashól 1844,“ segir í Leiftur frá liðnum tímum e. Kristinn Kristjánsson, 185.

„Grashóll er byggður úr Raufarhafnarlandi en var orðin eign þeirra ábúenda sem síðast bjuggu þar. Býli þeirra er vel byggilegt. Þarna er gott land fyrir sauðfé og engjar með betra móti eftir því sem gerist á Sléttu. Bestar munu þær hafa verið á Grashólsgrænum en nokkuð langur engjavegur eða vestur undir Rifsæðarvötn. Býlið er skammt vestan við Deildarvatn og á það hluta af vatninu og er þar silungaveið góð. Á bakka Deildarár lét síðasti ábúandi brjóta nýrækt og var hún nýttuð um tíma en ekki var þarna gott til ræktunar. Einnig lét sá hinn sami gera bílveg, eða jeppafæran veg, þangað og brúa ána. Þetta var gert eftir að býlið var komið í eyði og ábúendur og eigendur fluttir til Raufarhafnar. Á meðan hin gamla leið milli sveita, Stígsvegur, var farin, var Grashóll oft hvíldar- og gististaður ferðamanna. Ekkert er þar nú lengur uppistandandi af húsum enda fór býlið í eyði 1942,“ segir í Land og fólk, 388.

„Og vorið 1898, eftir níu ára búskap í Borgum, var hann [Sigurjón Pétursson] fluttur burt þaðan. Hann hafði leitað fyrir sér um jarðnæði, eftir að hann vissi að hann yrði látinn fara, en gekk erfiðlega, því að engum þótti álitlegt að leigja jarðnæði snauðum bónda með stóran hóp ungra barna. En þó tókst honum að fá byggt heiðarbýli á Melrakkasléttu, sem nefndist Grashóll. Þau hjónin fluttust svo þangað, og heyrði ég Rósu [eiginkona Sigurjóns] segja móður minni frá þessum flutningum,“ segir í Tímanum 5. maí 1968.

Túnakort árið 1920. Túnastærð: 1,4 hekt. Ca.0,7 slétt.

„Grashóll var byggður upp úr Raufhafnarlandi 1846 eftir því sem næst verður komist. Hét sá maður Einar Sveinsson (1801-1879) af Langanesi sem byggði jörðina upp og bjó þar í 33 ár. Kona hans hét Guðrún Einarsdóttir (1815-1869) úr Þistilsfirði. Einar þessi hafði verið mörg ár vinnumaður hjá Melbye á Raufarhöfn. Hafði honum líkað svo vel við Einar, vegna dugnaðar hans og trúmennsku, að hann utvegaði honum þriðjunginn af upplandi Raufarhafnarjarðar hjá umboðinu til þess að byggja þar þetta nýbýli. Það er athygisvert vðvíkjandi þessum hjónum, Einari og Guðrúnu, að þau velja þessu býli sínu stað svo að segja um þvera þjóðbraut. Hólsstígur var þá mjög tíðfarinn og þótti langur og erfiður í einum áfanga til Raufarhafnar. En þá sóttu Öxfirðingar og Núpsveitungar alla sína verslun þangað. Virðist það benda til þess að þau hafi verið gestrisin og góðviljuð, sem líka mun hafa verið,“ segir í Sléttungu II, 285.




Mynd 66. Bæjarhúsin 056b:001 á Grashóli, horft til vesturs

kílómetra sunnan við Ytra-Deildarvatn. Gamall moldarvegur liggur alveg að heimatúni Grashóls frá Þjóðveginum og er hann fær jeppum. Grasivaxið óræktað tún er umhverfis minjarnar. Mýrlendi er til austurs og suðurs en mólendi og holt til vesturs og norðurs. Ytra-Deildarvatn er til austurs, í merkjum við Hól.

Minjasvæðið samanstendur af bæjarhúsum, sjö tóftum, túngarði, brunni og hlaðinni stíflu í læknum og nær það yfir 352 x 233 m svæði. Bæjarhúsin 001 eru 37 x 25 m að stærð og snúa NNA-SSV. Bæjarhúsin skiptast í tólf hólfi, þar af eru hólfi I-VI herbergi í bæjarhúsunum en VII-XII eru kálgarðar. Bæjarhúsin eru torf- og grjóthlaðin en yngra bæjarhúsið er einnig steinsteypt að hluta. Bæði yngra bæjarhúsið, I, og það eldra II-VI, eru opin til suðausturs. Hólf I er yngsta húsið og er framhlið þess steinsteypt sem og norðurhornið. Hliðarveggir eru fallega hlaðnir hellugrjóti, 11-16 umför. Innanmál þess er 5,5 x 5 m. Við norðvestur endann er hólfíð grafið inn í bæjarhólinn. Veggjahæð er 0,3 - 1 m að utan en 1,5 - 2 m að innan. Það er opið til suðausturs. Hólf II er 9 x 3 að innanmáli og er opið til suðausturs, inn í forstofu eldri bæjarhúsanna. Það sést í 14 umför af hellugrjóti í veggjum. Hæð veggja er 0,7 - 2 m. Inni í hólfinu var spítanbrak úr þaki hússins. Hólf III 4,5 x 4 m að innanmáli. Hólfíð er opið inn í bæjarhúsin til suðurs. Hæð veggja er 0,5 - 1,5 m og sést í smávegis grjót á einum stað. Mikið rof er í veggjum sérstaklega í norðvestur veggnum. Hólf IV er 3 x 2 að innanmáli og er opið til suðvesturs inn í forstofuna. Veggir eru 0,5 - 1,5 m að hæð og sést í 5 umför af grjóthleðslum við opið inn í hólfíð. Hólf V er 2 x 1 að innanmáli og er opið til suðaustur og er eina hólfíð sem vísar ekki inn í forstofuna. Hólfíð er torfhlaðið og veggir eru mjög sokknir 0,2 - 0,3 m á hæð. Hólf VI er forstofan og inn í hana opnast öll hólfin fyrir utan hólf V. Það er 4 x 3 m að innanmáli og veggjahæð er 1 - 1,7 m. Hólf VII - XII eru kálgarðar suðvestan við bæjarhúsin. Þeir eru allir torfhlaðnir og veggjahæð þeirra er 0,3 - 0,4 m. Hólf VII er 9 x 4 m að innanmáli og er opið til NNA. Hólf VIII er frekar óljóst, 5 x 2,5 að innanmáli og ekkert op sést á því. Hólf IX er einnig mjög óljóst og sést ekkert op. Það er 4 x 2,5 að innanmáli. Hólf X er 9 x 2,5 að innanmáli og ekki sést neitt op. Hólf XI er 2 x 1 að innanmáli og opið til suðvesturs. Hólf XII er 9 x 2,5 og er opið til suðvesturs. Bæjarhólinn sjálfur er 42 x 33 m að stærð.

"Grashóll er byggður úr Raufarhafnarlandi en var orðin eign þeirra ábúenda sem síðast bjuggu þar. Býli þetta er vel byggjanlegt. [...] Býlið er skammt vestan við Deildarvatn og á það hluta af vatninu og er þar silungsveiði góð. [...] Á meðan hin gamla leið milli sveita, Stúgsvegur, var farinn, var Grashóll oft hvíldar- og gististaður ferðamanna. Ekkert er þar nú lengur uppistandandi af húsum enda fór býlið í eyði 1942," segir í Land og fólk. "Einar Sveinsson og Guðrún hans eru enn talin þar [á Raufarhöfn árið 1845]. Þrátt fyrir allgóðar heimildir að hann hafi byggt Grashól 1844," segir í Leiftur frá liðnum tímum e. Kristinn Kristjánsson. Grashóll er uppi á sléttunni, 7,6 km suðvestan við Búðina 011 á Raufarhöfn og 2,3 km suðvestan við tóftir 017. Býlið er um 1




Mynd 67. Teikning af bæjarstæðinu 056b:001

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LF 2003, 388; Kristinn Kristjánsson, 185



Mynd 68. Tóft 056b:002, horft til SSV



Mynd 69. Teikning af fjárhústóftum 056b:002

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús fast suðaustan við bæ 001. Það er 10 m suðaustan við bæinn, aðeins neðan við bæjarhólinn. Tæpum 10 m suðaustan við útihúsið er túngarðurinn. Þetta er fjárhús. Grasivaxið óræktað tún er umhverfis minjarnar. Mýrlendi er til austurs og suðurs en mólendi og holt til vesturs og norðurs. Ytra-Deildarvatn er til austurs, í merkjum við Hól.


Fjárhúsið er 18 x 11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er opið til suðausturs. Tóftin skiptist niður í fjögur hólf. Hólf I eru fjárhús með garða. Það er 7 x 4 m að innanmáli. Það er torf- og grjóthlaðið og sést í 10 umför af hellugrjóti. Að utan má sjá stórar hellur sem liggja lóðrétt upp með norðausturveggnum. Hæð veggjanna er 0,7 - 2 m og hæð garðans er 0,3 - 0,4 m. Norðvestan við hólf I er hólf II sem hefur einnig verið partur af fjárhúsinu. Hólfið er 4 x 2 m að innanmáli og sést í 5-10 umför í langveggjum. Hæð veggja er 1,5 - 2 m en þverveggurinn er þó lægri, 0,7 m og torfhlaðinn. Honum hefur verið bætt við eftir á. Hann gæti hafa verið til stúka af hlöðuna án þess þó að erfiða aðgengi að henni. Hlaðan, hólf III, er 4 x 3 m að innanmáli. Inn í hana er ekkert op. Hæð veggja er 1,5 - 2, nema þverveggurinn sem áður var sagt frá. Ekki sést í grjót í hlöðunni fyrir utan smávegis í suðvestur horni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort Grashóls 1920



Mynd 70. Tóft 056b:003, horft til vesturs



Mynd 71. Teikning af tóft 056b:003

Óregluleg tóft er 50 m suðvestan við bæ 001, innan rafmagnsgirðingu við suðvestur hluta heimatúnsins. Breiður lækur rennur vestan við hana. Tóftin er uppi á litlum hól og hefur verið hróflað eitthvað við henni. Grasivaxið óræktað tún er umhverfis minjarnar. Mýrlendi er til austurs og suðurs en mólendi og holt til vesturs og norðurs.

Breiður lækur rennur vestan við tóftina. Tóftin er 18 x 13 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Hólf I er 5 x 5 m að innanmáli og er mikið rof í suður- og vesturhlíðum hennar. Lítil dæld er í miðjunni sem er 1,5 x 1 m að stærð. Veggjahæð er 0,5 - 0,7 m en það er þó erfitt að segja nákvæmlega til um það vegna rofsins. Mikil grjóthrúga er við suðausturvegginn sem líklega er rask innan úr tóftinni. Hólf II er 4 x 1,5 m að innanmáli og innan þess er mikið grjóthrun. Það er opið til suðvesturs. Hólf III er mjög óljóst torfhlaðið gerði. Það er 5,5 x 5 m að innanmáli og hæð veggja er rétt um 0,1 m.

Hættumat: engin hætta

NP-056b:004 garðlag túngarður

A: 632878 N: 658952




Mynd 72. Kálgarður 056b:004a, horft til norðurs




Mynd 73. Kálgarður 004b og garðlag 004, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti Grashóls frá 1920 var túngarður við vestur-, suður- og suðaustur mörk túnisins. Túngarðurinn stendur ennþá að mestu leyti. Tæpum 120 m m norðaustan við bæ 001 er einnig að finna leyfar af túngarði sem ekki eru á túnakortinu og hefur þá túnið verið stækkað til norðurs eftir 1920. Við suðvestur- og suðausturhlíðar garðlagsins eru kálgarðar. Grasivaxið óræktað tún er umhverfis minjarnar. Mýrlendi er til austurs og suðurs en mólendi og holt til vesturs og norðurs.



Mynd 74. Teikning af kálgarði 056b:004a



Mynd 75. Teikning af kálgarði 056b:004b

Túngarðurinn er torf- og grjóthlaðinn og sést í 5-10 umför af grjóti, sérstaklega í suðvestur hluta hans. Suðurhlutinn er grónari en þó sést þar glitta í stöku stein. Norðurhlutinn var skráður af loftmynd. Túngarðurinn er 1 - 1,2 m á hæð og stendur enn uppi. Tveir kálgarðar eru við túngarðinn. Sá fyrri er við utanverðan suðvesturgarðinn og er hann 36 x 6 m að stærð. Hann skiptist í tvö hólf. Hólf I er 8,5 x 2,5 að innanmáli og er opið inn í hólf II til suðausturs. Hólf II er 24 x 2,5 m að innanmáli og er opið út til suðausturs. Það sést í 3 - 5 umför af hellugrjóti og sumstaðar er búið að leggja stórar hellur lóðrétt meðfram veggjum hans að innan. Seinni kálgarðurinn er á utanverðum suðausturhluta túngarðsins. Hann er 18 x 5 m að stærð og sjást ekki nein op inn í hann. Veggjahæð er 0,5 - 0,7 m og hann er torfhlaðinn. Hann skiptist niður í fjögur hólf. Hólf I er 2 x 2 m að innanmáli, hólf II er 3 x 2 að innanmáli, hólf III er 4 x 3 að innanmáli og hólf IV er 3 x 3 að innanmáli.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort Grashóls 1920

NP-056b:005 tóft fjárhús A: 632877 N: 658973



Mynd 76. Tóft 056b:005, horft til norðvesturs



Mynd 77. Teikning af tóft 056b:005

Samkvæmt túnakorti Grashóls frá 1920 var útihús 75 m austan við bæ 001, innan heimatúns. Fjárhúsið er 20 m norðan við túngarðinn í suðausturhluta túnsins. Kálgarður við túngarðinn er 30 m austan við fjárhúsin. Grasivaxið óræktað tún er umhverfis minjarnar. Mýrlendi er til austurs og suðurs en mólendi og holt til vesturs og norðurs

Tóftin er 21 x 13 að stærð og snýr NNV-SSV. Hún er opin á þremur stöðum en aðal opið hefur verið til NNV. Tóftin skiptist í fjögur hólf. Hólf I er 4 x 3 að innanmáli og eru veggir mjög þýðir. Þeir eru 1,2 - 1,5 m á hæð, grjót- og torfhláðir. Hólf II er 7 x 4 m að innanmáli og liggur í því miðju 5 m langur garði. Hæð veggja er 0,3 - 0,4 m. Hólf III er 10 x 4,5 m að innanmáli og opið til NNV. Veggjahæð er 0,3 - 0,4 m og er það torfhláðið. Hólf IV er lítið gerði við suðurhlíð tóftarinnar og er það 4 x 3 m að innanmáli. Það er opið til austurs og veggjahæð er 0,2 - 0,3 m. Það er torfhláðið.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort Grashóls

NP-056b:006 tóft óþekkt

A: 632672 N: 658868



Mynd 78. Tóft 056b:006, horft til norðurs



Mynd 79. Teikning af tóft 056b:006

Tóft er um 160 m suðvestan við bæ 001 og er hún lítil og grjóthlaðin. Tóftin liggur fyrir utan heimatúnið í litlu lyngivöxnu holti norðvestan við heimatúnið. Tóftin er 4 x 3 m að stærð og snýr norður - suður. Hún er opin til suðurs, einföld og 2 x 1,5 að innanmáli. Hún er grjóthlaðin og algerlega ógróin. Það sést í 5-6 umför af hleðslu og 2-3 raðir af grjóti. Veggirnir eru 0,8 m breiðir og 0,5 - 0,6 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt, mögulega kvíar eða heimarétt.


Hættumat: engin hætta

NP-056b:007 tóft útihús

A: 632664 N: 658890



Mynd 80. Tóft 056b:007, horft til suðausturs



Mynd 81. Teikning af tóft 056b:007

Tóft er 150 m suðvestan við bæ 001 og 25 m norðan við tóft 006. Útihúsið er utan heimatúnsins, í holtinu austan við það. Holtið er lítið og liggur norðvestan við heimatúnið í lyngi vöxnum móa.

Tóftin er 16 x 10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er opin til SSA og norðurs. Hún er þrískipt. Hólf I er torfhláðið, 4 x 2 m að innanmáli. Hæð veggja er 0,3 - 0,5 m. Hólf II er einnig torfhláðið og 4,5 x 2,5 að innanmáli. Hæð veggja er 0,3 - 0,5 m. Hólf III er 8 x 4 m að innanmáli og fallega hláðið hellugrjóti. Það sést í 5-6 umför af grjóti og er tóftin gróin að hluta. Hæð veggja er 0,3-1 m. Hún er opin til norðurs og út frá norðausturvegnum liggur þriggja metra löng hleðsla til austurs.


Hættumat: engin hætta

NP-056b:008 tóft óþekkt

A: 632639 N: 658886



Mynd 82. Tóft 056b:008, horft til norðausturs



Mynd 83. Teikning af tóft 056b:008

Óljós tóft er tæpum 180 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 30 m vestan við tóft 007. Hún er í holtinu suðvestan við heimatúnið, vestan við breiðan læk sem rennur á milli holtisins og heimatúnsins. Holtið er norðvestan við heimatúnið og er vaxið lyngmóa. Tóftin er 9 x 7 m að stærð snýr norðvestur-suðaustur. Hún er opin suðvesturs og innamál hennar er 4 x 3 m. Hæð veggja er 0,3 - 0,5 m. Hún er torfhláðin og í gegnum hana miðja liggur kindagata austur - vestur. Hlutverk hennar er óþekkt en líklega var þetta fjárhús

Hættumat: engin hætta

NP-056b:009 hleðsla áveita

A: 632972 N: 659110



Mynd 84. Stífla 056b:009, horft til norðausturs

Stífla sést beggja vegna við læk, austan við heimatúnið. Ekki er ljóst hvað þessi lækur heitir en hann hlykkjast til austurs, allt í Ytra-Deildarvatn. Stíflan er um 220 m norðaustan við bæ 001. Lækjarbakkinn er 1,5 m á hæð og brattur. Lækurinn er 1 - 3 m á breidd og 0,4 m á dýpt. Umhverfis hann er óræktað tún, mói og mýrlendi. Sunnan við stífluna eru lækjardrög og lítil kvos þar sem þau renna í þennan lækinn sem er mun stærri. Þetta er án efa hentugt stíflustæði.

Stíflan er hrunin en sést á báðum lækjarbökkunum. Hún er betur varðveitt á vestari bakkannum en grjótdreif sést einnig ofan í læknum. Stíflan er grjóthláðin, 3 m á breidd og um 1,2 m á hæð. Það má sjá 8 - 12 umför af grjóthleðslu í henni. Á Eystri bakkannum er stíflan mun umfangsminni og hrunin að mestu. Hún er gerð úr hellugrjóti að mestu en einnig eru hnullungar þarna með.


Hættumat: engin hætta

NP-056b:010 tóft fjárskýli

A: 632712 N: 658959



Mynd 85. Tóft 056b:010, horft til norðurs



Mynd 86. Teikning af tóft 056b:010

Fjárskýli er rúnum 80 m austan við bæjarhól 001 og rúnum 80 m norðaustan við tóft 007. Hún er utan heimatúnsins í þýfðum grasmóa. Tóftin er á litlum hólma sem hefur myndast vegna læksins sem rennur beggja megin við tóftina.


Tóftin er 14,5 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðausturveggurinn er alveg opin og virðist sem það hafi ekki verið neitt þak á henni. Tóftin er tvískipt. Hólf I er 7 x 6,5 að innanmáli og sést í 3-4 umför af

grjóti í suðvestur vegg en annars er tóftin algróin. Veggjahæð er 1-1,2 m. Hólf II er 5,5 x 3 m að innanmáli og hæð veggja er 0,5 m. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og gæti hafa verið einhverskonar skýli.

Hættumat: engin hætta

NP-056b:011 brunnur brunnur

A: 632836 N: 659012



Mynd 87. Brunnur 056b:011, horft til norðurs

Mynd 88. Teikning af brunni 056b:011


Norðaustan við bæ 001 liggur garðlag til norðausturs. Það liggur alveg frá norðausturvegg bæjarhúsanna og 54 m áfram til norðausturs. Við enda garðlagsins er brunnur, 7 - 8 m sunnan við lækinn og 65 m frá bæ 001. Brunnurinn sést enn vel og í botni hans sést í vatn. Grasivaxið óræktað tún er umhverfis minjarnar. Mýrlendi er til austurs og suðurs en mólendi og holt til vesturs og norðurs.

Brunnurinn er hringlaga en utan um hann er ferköntuð algróin hleðsla 2 x 2 m á stærð. Hringlaga mynni brunnsins sést enn mjög vel og er þvermál hans um 0,7 m. Brunnurinn er hlaðinn hellurgjóti og um 3 m djúpur. Enn sést vatn í botni hans. Garðlagið sem liggur frá brunnum að bæjarhúsunum er torfhláðið. Það er 45 m langt, 0,5 m breitt og 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

5. Deiliskipulagreitir

Deiliskipulagsreitirinn liggur í kringum Heimskautsgerðið og er um 36 ha að stærð. Hann er staðsettur norðvestan við þéttbýlið á Raufarhöfn, uppi á Melrakkaás og afmarkast af miðlínu Sléttuvegs til austurs, landslagi Melrakkaáss til norðurs, mörkum þéttbýlis til vesturs og til suðurs nær hann nokkru sunnar en vegurinn upp að Heimskautsgerðinu.



Mynd 89. Fornminjarnar sem féllu innan deiliskipulagsreitsins.

Markmið skipulagsins er að bæta aðgengi, öryggi og umferð ferðamanna um skipulagssvæðið með því að láta útbúa stíga, bílastæði og önnur tilheyrandi mannvirki enda hefur aðsókn ferðamanna að Heimskautsgerðinu aukist mikið síðustu ár. Í dag liggur leiðin upp á Melrakkaásinn að Heimskautsgerðinu eftir gömlum malarvegslóða sem meðal annars var notaður sem vinnuvegur við uppbyggingu svæðisins. Það er því ekki á allra færi að keyra þar upp eftir en auk þess er sú ásjón sem birtist ferðamönnum sem koma á svæðið önnur en sú sem hugmynd Heimskautsgerðisins byggir á. Vegna þess að áætlanir eru um að byggja á svæðinu, þá var nausynlegt að gera ýtarlega fornleifaskráningu á þessu tiltekna svæði. Deiliskipulagsreitirinn var því genginn til þraula, frá norðri til suðurs. Byrjað var austast og reiturinn genginn fram og til baka þar til komið var að vestasta hluta hans. Alls fundust 4 minjar innan skipulagsreitsins og er þeim lýst nánar hér að neðan. Þessar fjórar minjar eru einnig taldar upp í fornleifaskránni í kaflanum hér á undan. Nákvæma staðsetningu minjanna innan skipulagsreitsins má sjá á mynd 90.



Mynd 90. Hleðsla 056:064,

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Mynd 91. Varða 056:078, horft til vesturs

Innan deiliskipulagsreits umhverfis Heimskautsgerðið kom í ljós hleðsla, um 60 m vestan við Sléttuveg 870, Þjóðveginn og 650 m vestan við bæ 001. Hugsanlegt er að hleðslan hafi verið brunnur sem grafinn var á 20. öld, fleiri slíkir brunnar eru á þessu svæði. Brunnurinn er á Melrakkaástnum í grasi og lyngi vöxnum móa. Rof er á milli þúfna. Víða standa stakir steinar upp úr móanum.

Grjóthleðslan sem um ræðir er 2 x 2 m að stærð og hefur verið ýtt niður. Ekki er um að ræða hellusteina eins og annarstaðar á svæðinu heldur stærri hnullunga. Greinilegt er að þarna hefur verið hola en engin ummerki um hlaðinn brunn eru þó lengur á svæðinu, hafi svo verið. Ekki sjást heldur ummerki um reglulega hleðslu og er aðeins sjáanleg hrúga af grjóti. Þar upp úr glittir í járnvíra sem stingast upp út grjóthrúgunni

Varða er innan deiliskipulagsreits umhverfis Heimskautsgerðið, 120 m vestan við Heimskautsgerðið og 1,1 km vestan við bæ 001. Hún er uppi á Melrakkaásnum þar sem Heimskautsgerðið stendur, 20-30 m vestan við girðinguna sem girðir það af. Varðan er á holti sem er vaxið grasi og mosa. Þar er mikið um stóra staka steina.

Varðan er byggð uppi á flötum steini. Hún er 0,7 x 0,7 m að stærð og 0,3 m á hæð. Það sést í 3-4 umför í henni. Hún er byggð úr hellusteinum og hefur ekki verið vandað mikið til verka við byggingu hennar. Varðan er líklega hluti af leið sem hefur legið þarna um 090, ásamt vörðu 075, 076 og brú 077.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Mynd 92. Leið 056:090 lá frá Raufarhöfn yfir Melrakkaásinn til vesturs, horft til austurs

"Vestur af Klifinu er þó nokkur ás, sem heitir Melrakkaás. Um hann liggur Raufarhafnarheiði; það er vegur þvert í Blikalón," segir í örnefnalýsingu. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti 80-90 frá 1932. Þar liggur hún til ANA frá veginum sem lá upp Klifin, eftir suðurhluta Melrakkaáss og yfir í land Hökuldarstaða eða Ásmundarstaða. Leiðin er sýnd liggja þvert yfir alla Melrakkaslétu og eflaust er hægt að rekja hana að stórum hluta. Ekki er vitað hvort hún var vörðuð en svo virðist ekki vera í landi Raufarhafnar. Þar sem leiðin lá er grýttur ás og þunn gróðurþekja. Svæðið er vaxið grasi og lúpínu á köflum, annars er mosi áberandi.

Leiðin var skoðuð þar sem hún lá sunnan í Melrakkaás. Þar lá hún skammt sunnanvið núverandi malarveg að Heimskautsgerði. Sá vegur liggur líklega yfir vesturhluta leiðarinnar. Skrásetjari var leiðarinnar ekki var á vettvangi, jarðvegurinn er þunnur og víða

glittir í grjót og mel á milli grasivaxinna náttúrulegra paldra. Nokkrar vörður voru skráðar sem vísa á þessa leið, 075, 076 og 078. Einnig er brú 077 yfir lítinn læk í mýrunum sem leiðin liggur í gegnum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 1; LMÍ 1:50000 80-90

NP-056:094 heimild leið

A: 635915 N: 666229

"Nyrst á þessum hrygg liggur svo þjóðvegurinn, og heitir þar ofar Klifabrún á holtinu, en þar sem vegurinn er, Klif," segir í örnefnalýsingu. Á herforingjaráðskorti 80-90 frá 1932 sést þjóðleiðin liggja á þessum stað. Ekki er ljóst hvort að leiðin var vagnfær eða ekki. Leiðin lá áfram til norðurs að Höskuldarnesi og fyrir Melrakkaslétu. Leiðin lá eftir lágum ásum og yfir mýrar. Hún var einungis rakin í landi Raufarhafnar og sést ekki þar, þjóðvegurinn er á sama stað.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Raufarhöfn AG, 1; LMÍ 1:50000 1932 80-90

6. Niðurstöður


Samkvæmt deiliskipulagi á Heimskautssvæðinu á Raufarhöfn er fyrirhugað að byggja göngustíga, bílastæði og önnur tilheyrandi mannvirki til þess að auðvelda aðgegni fyrir þá ferðamenn sem leggja leið sína þangað. Því var leitað til Fornleifastofnunnar Íslands til þessa taka út þær fornleifar sem gætu leynst á svæðinu. Deiliskráningarreiturinn er, eins og áður hefur verið nefnt, 36 ha af stærð og liggur uppi á Melrakkaásnum norðvestan við þorpið. Samhliða var ákveðið að aðalskrá allan Raufarhafnar-hrepp sem afmarkaðist að stórum hluta af gömlu bújörðinni en er í dag hluti af sveitarfélaginu Norðurþingi.

Fornleifaskráningin var unnin í lok október 2016 og var ágætisveður miðað við árstíma. Alls fundust 105 minjar á skráningarsvæðinu og þar af voru 4 þeirra innan deiliskráningarreitsins. Ástand minjanna var ekki með besta móti og ekki sáust nein ummerki um minjar á yfirborði á 60% tilvika. Stór hluti minjanna er innan Raufarhafnar og í þéttbýli eru sífelldar framkvæmdir og breytingar í gangi sem leiða til þess að gamlir minjastaðir og hús fá sjaldan að standa óáreitt. Það kemur því ekki á óvart að það var búið að rífa langflest húsinn og aðrar byggingar sem reist voru rétt eftir aldamótin 1900 enda flest orðin gömul og hrörleg. Aðeins eitt hús frá þessum tíma stendur ennþá á Raufarhöfn og telst nú til fornminja. Það er Steinholt 056:038. Einhverjir minjastaðir utan þéttbýlisins voru einnig horfnir. Það voru t.d. útihús af túnakorti, stekkur, sel, vað, leiðir og landamerki.



Mynd 93. Taflan sýnir hvernig ástand minjanna í Raufarhafnarhreppi var. Ekki sást til til minja á yfirborði á 60% tilvika


Meira en helmingur minjanna, eða 64% þeirra, telst vera í hættu en fáar þeirra töldust vera í stórhættu. Nánast allar minjarnar sem talið var að væru í einhverskonar hættu féllu í flokkinn ‚Í hættu vegna framkvæmda‘ enda mikill meirihluti þeirra innan þéttbýlis. Langflestar minjar innan Raufarhafnar féllu í þennan flokk, til að mynda voru margar þeirra þegar horfnar vegna bygginga og hafnargerða þrátt fyrir í einhverjum tilvikum sé ekki mjög langt um liðið. Þær höfðu verið rifnar niður til að rýma fyrir nýrri byggingum eða annari notkun á svæðinu. Aðrar minjar töldust í hættu vegna ábúðar eða vegagerðar en fáar vegna rofs, landbrots eða efnistöku. Alls voru 38 minjastaðir skilgreindir í engri hættu, þeir voru þá ekki nálægt byggð, né framkvæmdarsvæðum og engin náttúruöfl ógnuðu þeim. Þetta voru minjar eins og heiðarbylíð Grashóll, vörður og tóftir uppi á heiðinni og aðrar minjar sem ekki voru nálægt neinni byggð.



Mynd 94. Taflan sýnir hversu margar minjar eru í einhverskonar hættu og þá hverskonar hættu þeim stafar af.

Hlutverk minjastaðanna eru mjög fjölbreytt og sjást þau hér í töflunni að neðan. Bústaðir og býli er algengasta hlutverk minjastaðanna á svæðinu en alls voru þeir 21 talsins. Sumar minjar hafa gengt nokkrum hlutverkum í gegnum tíðina og á svo við um tvö býli sem gegndu einnig hlutverkum fjárhúss og verlsunarstaðar. Þessi býli eru því ekki inni í þessari tölu en gera það að verkum að fjöldi býla og bústaða fer upp í 23. Af þessum minjastöðum eru 12 sem höfðu ígildi einskonar íbúðarhúss innan þéttbýlis Raufarhafnar, sem myndaðist í kringum verlsunarstaðinn og siglingarhöfnina sem þar hafði verið frá því fyrir aldamótin 1800. Hinir 11 eru bústaðir eða býli sem tengjast frekar landbúnaði. Þónokkrar aðrar minjar tengjast einnig sveitinni enda var Raufarhöfn bújörð um aldir og það er ekki fyrr en eftir miðja 19. öldina sem hlutverk staðarins breytist. Staðir eins og fjárhús, útihús, kálgarðar, túngarðar, mógrafir og sel tengist bújörðinni Raufarhöfn. Minjar sem tengjast verlsun og siglingu eru

einnig fjölmargar eins og lendingar, verbúðir, söltunarstöðvar og verslunarstaðir. Enn aðrar minjar tengjast svo samgöngum eins og samgöngubætur (oft vörður), leiðir, vöð og brýr.



Mynd 95. Taflan sýnir hvernig minjarnar í Raufarhafnarhrepp skiptast niður á mismunandi hlutverk

Alls eru 21 minjastaður skráður sem hefur hlutverkið bústaður eða býli, auk þeirra tveggja sem falla annars vegar undir verslunarstað og hinsvegar fjárhús. Eins og kom fram hér á undan voru 12 þessara staða íbúðarhús í Raufarhafnarkaupstaðnum og voru þá hinir 11 minjastaðirnir eldri bæir. Tveir þessara bústaða voru bæjarhólar, Grashóll NP-056b:001 og bær Raufarhafnar NP-056:001. Samkvæmt heimildarmanni stóð Raufarhafnarbær upphaflega uppi við Klifin. Þar sést ekki neinn eiginlegur bæjarhóll þrátt fyrir að ritaðar heimildir bendi til þess að lengi hafi verið búið þar. Raufarhöfn er fyrst nefnd í Íslenskum fornritum frá árinu 1270, þar sem talað er landið um timbur- og hvalrekaskrár. Árið 1446 var býlið komið í eigu Munkaþverásklausturs. Einhverntíman fyrir árið 1821 hefur Raufarhafnarbær verið fluttur frá fyrrum staðsetningu sinni við Klifin niður í norðanverða höfnina eins og sést á gömlu korti frá þessu ári. Sá bær var skráður undir númerinu 032 og er þá hugsanlega þriðji bæjarhóllinn. Nákvæmlega hvenær þessir flutningar áttu sér stað er óvíst. Eitt fyrsta íbúðarhúsið sem reist var á Raufarhöfn var timburhús 032 sem kennt var við Bjarna Þorsteinsson og var það byggt stuttu eftir 1835. Þetta hús hefur þá hugsanlega verið byggt ofan í töftir gamla bæjarstaðisins. Búseta á Grashól hefur hinsvegar verið mun styttri. Grashóll var byggður árið 1844 og þar bjuggu hjónin Einar og Guðrún árið 1945. Árið 1861 var Grashóll hjáleiga frá Raufarhöfn en lítið er vitað um hvort að hann var það frá upphafi eða hvort það hafi breyst um þetta leyti. Búseta á heiðarbýlinu stóð yfir í tæp 100 ár, áður en bærinn fór í algjörlega eyði. Águgavert þykir að Grashóll byggist upp á sama tíma og þorpið í Raufarhöfn. Býlið var byggt nánast þvert í gömlu þjóðbrautina sem þá var, Hólsstíg, og var því alfaraleið. Bæði Öxfirðingar og Núpsveitungar sóttu verslun til Raufarhafnar á þessum tíma og eftir að

Grashóll var reistur uppi á Sléttunni varð hann tíður gististaður fyrir þreytta ferðamenn enda heiðin erfið yfirferðar í einum áfanga. Staðsetning býlisins hefur því vafalaust verið valin með Hólsstíginn í huga en núna eftir að vegir hafa breyst leggja fáir leið sína upp á Sléttuna og er það því hluti af ástæðunni fyrir því að býlið lagðist í eyði.

Hinir átta bústaðirnir voru skilgreindir sem býli en ekki bæjarhólar. Þetta voru allt bæir í og við Raufarhöfn og hétu þeir Kot 013, Kofinn 033, Gamla Lundshús 031, torfbærinn Tjörn 053, Buder 046, Á Mölinni 069, Vogarnir 043 og Ytri-Vogar 021. Kot stóð við Kottjörðina sunnarlega í núverandi þéttbýli. Býlið var merkt inn á kort af Raufarhöfn árið 1821, á hól við sjóinn, og er því elsti bærinn á svæðinu fyrir utan gamla Raufarhafnarbæinn. Það er þó nokkuð á reiki hvar bærinn stóð en Helgi Ólafsson telur að tóftir um 50 m norðvestan hólsins geti verið að bæjarhúsunum eða þá útihúsum Kots. Kofinn 033 stóð í norðurhluta Raufarhafnar og var byggður stuttu á eftir Búðinni 011 sem byggð var árið 1835. Kofinn var torfbær og stóð hann í rúm 100 ár en fór í eyði eftir að hjónin, sem þar bjuggu árið 1911, fluttu og byggðu torfbæinn Tjörn 053 með sambyggðu fjárhúsi. Gamla Lundshús 031 var bæjarstaði Raufarhafnar þegar túnakortið var teiknað árið 1920. Þá var eldra bæjarstaðið sem stóð upp við Klifin komið í löngu eyði eins og áður var sagt frá. Buder 046 var hjáleiga sem byggð var um 1670 við Raufarhöfn. Þar áttu danir að hafa haft búðir þegar þeir komu að Raufarhöfn til þess að versla. Árið 1712 hafði hjáleigan verið í eyði í 14 ár. Þetta bendir sterklega til þess að Raufarhöfn hafi verið höfn og verslunarstaður löngu áður en kaupstaðurinn fer að byggjast upp eftir miðja 19. öldina. Býlið Á Mölinni 069 var byggt upp úr 1881 úti við Klifin. Ábúðin þar var frekar stutt og seinna voru byggð fjárhús á bæjartóftunum og sést ekkert lengur til þessa litla býlis. Vogarnir 043 og Ytri-Vogar 021 voru báðir byggðir á seinni hluta 19. aldar í Hrutavoginum, sunnan Deildarár. Bæirnir voru ekki byggðir í landi Raufarhafnar heldur í landi Hóls en þar sem talað er um bæina í sambandi við þéttbýlismyndum í Raufarhöfn, var ákveðið að taka þau með í skráninguna. Á Ytri-Vogum eru tóftir en engar minjar fundust í tengslum við Vogana. Það er því ljóst að mörg býli og bæir byggðust upp í Raufarhöfn á 19. öldinni og fram á þá 20. Fyrst voru það aðallega torfbærir með útihúsum en eftir að 20. öldin gekk í garð, hófst byggðakjarni að myndast með skipulegri hætti í kringum sjávarútveginn og verslun. Bændasamfélagið á Raufarhöfn var þá að líða undir lok og nýr kafli tók við í sögu bæjarins. Áhugavert er að sjá að engan eiginlegan bæjarhól er að finna á Raufarhöfn þrátt fyrir að fyrst sé minnst á staðinn í íslenskum fornritum frá 1270. Þetta gæti stafað af flutningum bæjarins, frá Klifunum niður að höfninni. Svæðið þar sem bærinn stóð við höfnina á seinni tímum hefur einnig orðið fyrir miklu raski og því ekki ólíklegt að bæjarhólinn hafi hreinlega horfið algerlega til að rýma fyrir yngri byggingum.

Fyrsti maðurinn var jarðsettur var á Raufarhöfn árið 1920 en þar var ekki kirkja fyrr en árið 1927 þegar Raufarhafnarkirkja var byggð. Kirkjugarðurinn 002 telst því í raun ekki til fornleifa en var tekinn með vegna sögulegs mikilvægis hans. Á Raufarhöfn er heldur ekki vitað um nein kuml eða aðra legstaði. Þó má geta þess að ekki eru alltaf skýr ummerki um kuml á yfirborði og oft koma þau aðeins í ljós þegar framkvæmdir eiga sér stað. Raufarhafnar er fyrst minnst í rekaskrá Munkaþverásklaustur árið

1270 og því má ætla að hér hafi lengi staðið bær og því ekkert sem mælir á móti því að hér gætu leynst kuml í jörðu.

Tvö sel voru skráð en staðsetning þeirra beggja er óviss. Annað selið, 056:019, gæti hafa verið þar sem nú standa gömul beitarhús 056:017 frá Grashóli. Engin ummerki um selið sáust á yfirborði en það er þó vel þekkt að beitarhús séu byggð á seltóftum. Sama landið var oft notað í aldanna rás þrátt fyrir að hlutverk þess hafi breyst breyst á þeim tíma. Því er hugsanlegt að sel 019 sé á sama stað og beitarhúsið. Örnefnið í kring benda til þess að selið sé á þessu svæði. Örnefnið Seljarðarbakki, Sellækur og Seltjörn eru allt örnefni sem gefa til kynna að sel hafi verið á svæðinu. Enginn heimildarmaður fannst sem þekkti vel heiðlendi Raufarhafnar og því gekk erfiðlega að staðsetja selið með fullri vissu. Það sama má segja um Raufarhafnarsel 056: 018. Það mun hafa verið í Raufarhafnargrænum en Raufarhafnargrænur eru stórt svæði vestast í hreppnum eða um 9 - 10 km vestan við Raufarhöfn, uppi á háheiðinni. Þangað var aðeins hægt að fara gangandi og þar sem skráningin var gerð í október þá dugði 8 tíma dagsbirta ekki til að ganga þessa leið fram og til baka. Svæðið var skoðað í þá á loftmyndum en engin ummerki sáust um neinar tóftir á svæðinu. Því þarf frekari heimildir til þess að staðsetja Raufarhafnarsel eða fara þarna að sumarlagi.

Deiliskráingarsvæðið

Aðeins fundust fjórir minjastaðir innan deiliskráingarsvæðisins uppi á Melrakkaásnum. Þrír þessara minjastaða tengjast samgöngum, þetta eru tvær leiðir og varða. Annarsvegar er það leiðin Raufarhafnarheiði, sem liggur yfir Melrakkaásinn frá Raufarhöfn og að Blikalóni á vestanverðri sléttunni. Í þessari leið er varða uppi á Melrakkaásnum, vestan við Heimskautsgerðið sem hefur verið byggð þar til þess að auðvelda mönnum að fylgja leiðinni yfir heiðina. Hinsvegar er það gamla þjóðleiðin sem lá meðfram sléttunni allri með sjónum og lá hún nokkurnvegin á sama stað og þjóðvegurinn liggur nú. Fjórdi minjastaðurinn er hleðsla, alveg í suðausturhorni skipulagsvæðisins. Hleðslan er líklega gamall brunnur en aðra slíka brunna er að finna neðst á ásnum, þar sem þarna var borað í upphafi 21. aldar, á nokkrum stöðum í leit að nothæfu vatnsbóli.

Minjastaðirnir voru allir skráðir í hættu vegna framkvæmda eða vegagerðar en fyrirhugaðar eru þónokkrar framkvæmdir á svæðinu. M.a. er fyrirhugað að bæta veginn upp að Heimskautsgerðinu sem og að byggja göngustíga, bílastæði og önnur mannvirki í tengslum við ferðamannaíðnaðinn. Það er rétt að ítreka að þrátt fyrir að fornleifarnar innan deiliskipulagsreitins teljist í hættu þá þýðir það ekki rask á þeim séu óhjákvæmilegt. Allir þessir minjastaðir fundust í jaðri deiliskipulagsvæðisins og því ætti að vera nokkuð einfalt að komast hjá því að raski. Hinsvegar er vert að taka fram að þar sem ekki verður komist frá hjá raski, útskurðar Minjastofnun Íslands um það hvort og með hvaða skilmálum fornleifarnar mega víkja.

Lokaorð

Minjarnar sem skráðar voru í Raufarhafnarhreppi voru fjölbreyttar og sýna skýrt þá breytingu sem hefur orðið á hreppnum frá því að bændasamfélagið steig til hliðar til þess að rýma fyrir þeirri uppbyggingu sem átti sér stað í lok 19. aldar þegar kaupstaðurinn fór að ryðja sér þar rúm og sjárvarútvegurinn varð helsta atvinna fólksins á svæðinu. Eldri minjar tengjast helst bændasamfélaginu á meðan yngri minjar tengjast verslunarstaðnum og sjávarútveginum. Dönsku verslunarbúðirnar Buder 046 gefa þó sterklega til kynna að verslun hafi verið stunduð á Raufarhöfn í kringum 1670. Mikil uppbygging hefur verið á hafnarsvæðinu á seinni tímum sem hefur valdið að margir minjastaðir eru horfnir í dag og ekkert eimir eftir af þeim nema gamlar ljósmyndir, kort og lýsingar. Nánast öll gömlu húsin hafa verið rifinn en þær minjar sem eru uppi á heiðinni liggja þar þó nánast ósnertar.

Heimildaskrá

ÁFÍ 1965: Gísli Guðmundsson (1965). *Norður-Pingeyjarsýsla Tjörnes og Strönd. Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

ÁÞ 1959: Páll Þorleifsson (1967). „Búðin“ á Raufarhöfn. *Árbók Þingeyinga 1959*, bls. 32-36.

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*. (bindi I-XV) (1857-1972). Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Heimskautsgerðið við Raufarhöfn (2016). Skipulagslýsing. Norðurþing.

ÍF: *Íslensk fornrit*. (I-XVII bindi) (1935-2002). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þingeyjarsýsla*. (XI bindi) (1943). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Kristinn Kristjánsson (1998). *Leifur frá liðnum tímum: úr handritum Kristins Kristjánssonar í Nýhöfn á Melrakkaslétu*. Samantekt Níels Árni Lund. Hafnarfjörður: Níels Árni Lund.

Lesbók 1942: Ingólfur Gíslason (1942, 15.11). Úr sögu Raufarhafnar. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 357-358.

LF 1985: Þórarinn Þórarinnsson, Þórarinn Kristjánsson og Halldór Sigurðsson (ritstj.) (1985). *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Pingeyinga*. Akureyri: Búnaðarsamband Norður-Pingeyinga.

LF 2003: Runólfur Elentínusson (ritstj.) (2003). *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Pingeyinga*. Akureyri: Búnaðarsamband Norður-Pingeyinga.

Níels Árni Lund (2010). *Af heimaslóðum: Brot af sögu Helgu og Árna Péturs í Miðtúni og samfélagsins við Leirhöfn á Melrakkaslétu*. Reykjavík: Hólar.

Ný jarðabók fyrir Ísland (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Páll Línadal. (1982). *Bæirnir byggjast: Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík: Skipulagsstjórn ríkisins og Sögufélag.

Sléttunga II: Níels Árni Lund (2016). *Sléttunga II. Safn til sögu Melrakkaslétu. Fólk og býli*. [Án útgáfustaðar]: Skrudda.

Sléttunga III: Níels Árni Lund (2016). *Sléttunga III. Safn til sögu Melrakkaslétu. Raufarhöfn*. [Án útgáfustaðar]: Skrudda.

SSP: *Pingeyjarsýslur. Sýslu-og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843* (1994). Reykjavík: Gott mál.

Tíminn 1961: G.G.(1961, 15. 11.) Minning: Rannveig Lund. *Tíminn*, bls. 6.

Tíminn 1962: Stefán Kr. Vigfússon (1962, 20.01). Minning: Frú Rannveig Lund. *Tíminn*, bls. 13.

Tíminn 1968: Benjamín Sigvaldason (1968, 05.05). Þáttur af Pétri Guttormssyni, Hrauntanga. *Tíminn*, bls. 330-334

Víkingur 1947: Einar Sigfússon (1947). Bræðurnir Einarsson og upphaf síldveiða á Raufarhöfn. "*Sjómannablaðið Víkingur 6-7*", bls. 172-174.

Þjóðviljinn 1955: E.B. (1955, 16.02). Sveinn í Búðinni. In memoriam. *Þjóðviljinn*, bls. 7 og 10.

Þórhallur Vilmundarson (1976). „Um klausturnöfn.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975*. Reykjavík: Íslafoldarprentsmiðja, bls. 79-84.

Óprentaðar heimildir

Landamerki 1918. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Túnakort Raufarhafnar (1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Grashóls (1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Pingeyjarsýsla. Landamerkjabók A. (1883-1890). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Raufarhöfn AG: Örnefnaskrá Raufarhafnar. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Ö-Raufarhöfn NL & GJ: Örnefnaskrá Raufarhafnar. Heimildarmenn Niels Lund og Guðmundur Jónasson. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Vefsíður

Landmælingastofnun Dana (Geodædisk institut) (1935). *Uppdráttur Íslands. Blað 80 og 90. Melrakkaslétta.* 1:100000. Kaupmannahöfn/Reykjavík. Skoðað á 29. október 2016 á <http://islandskort.is/is/map/show/784>

Landmælingar Íslands (án árs). *Venus.lmi.is*. Skoðað 29. október 2016 á https://venus.lmi.is/heimildir/mork/17_11.pdf

Mats Wibe Lund (1989). *Icelandic image library, Raufarhöfn séð til norðurs*. Skoðað 29. október 2016 á <http://mats.photoshelter.com/image/I0000ZMW0IRyzwcM>

Viðauki 1: Hnitaskrá í ISN93

<i>Samtala</i>	X	Y			
<i>NP-056:001A</i>	636408,702	666453,459	<i>NP-056:042</i>	636130,194	665589,494
<i>NP-056:001B</i>	636428,927	666443,272	<i>NP-056:043</i>	636158,128	663862,404
<i>NP-056:002</i>	636581,188	665700,16	<i>NP-056:044</i>	636097,735	665690,101
<i>NP-056:003</i>	636504,195	665886,999	<i>NP-056:045</i>	636042,026	665852,345
<i>NP-056:004</i>	636490,081	665945,163	<i>NP-056:050</i>	636141,943	665522,837
<i>NP-056:004B</i>	632906,11	658979,718	<i>NP-056:053</i>	635967,222	665634,329
<i>NP-056:005</i>	636441,329	665878,589	<i>NP-056:054</i>	636253,662	665953,258
<i>NP-056:006</i>	636262,824	667203,865	<i>NP-056:055</i>	636156,401	665940,496
<i>NP-056:007</i>	636456,227	666464,916	<i>NP-056:056</i>	636179,069	665504,077
<i>NP-056:008</i>	636577,736	665292,484	<i>NP-056:057</i>	636136,168	665464,038
<i>NP-056:009</i>	636234,554	665956,021	<i>NP-056:059</i>	636108,298	665728,361
<i>NP-056:010</i>	636336,338	665950,894	<i>NP-056:060</i>	636060,548	665745,995
<i>NP-056:011</i>	636032,871	665857,94	<i>NP-056:061</i>	636121,164	665571,189
<i>NP-056:012</i>	636063,729	665828,271	<i>NP-056:062</i>	636131,607	665416,137
<i>NP-056:013</i>	636256,466	665035,386	<i>NP-056:063</i>	636108,486	665309,596
<i>NP-056:013B</i>	636314,497	664996,282	<i>NP-056:064</i>	635832,607	666151,801
<i>NP-056:014A</i>	636397,791	664926,934	<i>NP-056:065</i>	636102,632	665675,595
<i>NP-056:014B</i>	636375,413	664925,074	<i>NP-056:066A</i>	636054,188	665818,768
<i>NP-056:015</i>	636051,841	663906,514	<i>NP-056:067</i>	636106,542	665749,046
<i>NP-056:016</i>	634377,361	665196,219	<i>NP-056:068</i>	636191,76	665916,651
<i>NP-056:017A</i>	633824,834	661124,843	<i>NP-056:069</i>	636376,648	666236,827
<i>NP-056:017B</i>	633826,948	661099,148	<i>NP-056:070</i>	636383,694	666230,578
<i>NP-056:020</i>	635968,197	665277,361	<i>NP-056:071</i>	636002,855	665670,438
<i>NP-056:021</i>	636413,765	664060,808	<i>NP-056:072</i>	635994,491	665651,277
<i>NP-056:022</i>	636052,598	665698,379	<i>NP-056:073</i>	636136,12	665180,395
<i>NP-056:023</i>	634450,044	666415,419	<i>NP-056:074</i>	635718,813	665079,967
<i>NP-056:026</i>	636051,165	665713,984	<i>NP-056:075</i>	634934,55	666576,17
<i>NP-056:027</i>	636010,358	665841,436	<i>NP-056:076</i>	634252,542	666239,613
<i>NP-056:028</i>	636008,87	665833,436	<i>NP-056:077</i>	634486,029	666456,449
<i>NP-056:029</i>	635315,346	663794,902	<i>NP-056:078</i>	635254,765	666319,701
<i>NP-056:030</i>	636029,026	665851,605	<i>NP-056:079</i>	636803,238	665946,627
<i>NP-056:031</i>	636274,154	665951,46	<i>NP-056:080A</i>	636942,97	665636,824
<i>NP-056:032</i>	636356,837	665926,764	<i>NP-056:080B</i>	636946,508	665667,82
<i>NP-056:033</i>	636032,872	665868,994	<i>NP-056:080C</i>	636916,56	665678,532
<i>NP-056:034</i>	636043,015	665847,591	<i>NP-056:081</i>	636482,855	664618,602
<i>NP-056:036A</i>	636147,456	666083,133	<i>NP-056:082</i>	633314,733	659448,759
<i>NP-056:036B</i>	636139,469	666079,283	<i>NP-056:083</i>	633321,634	661337,296
<i>NP-056:037</i>	636099,223	665713,845	<i>NP-056:085</i>	636378,964	666343,034
<i>NP-056:038</i>	636040,342	665664,632	<i>NP-056:086</i>	635242,767	664127,533
<i>NP-056:039</i>	636071,042	665831,301	<i>NP-056:087 1</i>	633865,463	660386,328
<i>NP-056:041</i>	635925,942	667163,19	<i>NP-056:087 2</i>	633737,963	660426,068
<i>NP-056:041B</i>	636087,448	666994,878	<i>NP-056:087 3</i>	633863,788	660487,64
			<i>NP-056:087 4</i>	633871,273	660541,035

<i>NP-056:087 5</i>	633868,007	660564,663
<i>NP-056:087 6</i>	633878,968	660669,252
<i>NP-056:087 7</i>	633879,191	660679,652
<i>NP-056:087 8</i>	633876,505	660697,616
<i>NP-056:087 9</i>	633876,428	660716,144
<i>NP-056:087 10</i>	633871,521	660734,78
<i>NP-056:087 11</i>	633871,05	660739,007
<i>NP-056:087 12</i>	633871,962	660757,47
<i>NP-056:087 13</i>	633871,637	660774,76
<i>NP-056:087 14</i>	633864,933	660812,302
<i>NP-056:087 15</i>	633857,985	660908,787
<i>NP-056:087 16</i>	633772,911	661181,448
<i>NP-056:088</i>	636801,691	665661,334
<i>NP-056:089</i>	636697,445	665937,689
<i>NP-056:089B</i>	636663,647	665948,666
<i>NP-056:090</i>	635405,495	666040,432

<i>NP-056:091</i>	636953,955	665833,345
<i>NP-056:092</i>	635343,106	664376,019
<i>NP-056:093</i>	636569,25	664216,754
<i>NP-056:094</i>	635909,136	666230,59
<i>NP-056b:001</i>	632801,27	658964,957
<i>NP-056b:002</i>	632811,414	658936,739
<i>NP-056b:003</i>	632758,436	658932,684
<i>NP-056b:004A</i>	632747,377	658906,907
<i>NP-056b:004B</i>	632878,304	658952,39
<i>NP-056b:005</i>	632876,859	658972,641
<i>NP-056b:006</i>	632674,181	658867,42
<i>NP-056b:007</i>	632664,309	658890,85
<i>NP-056b:008</i>	632639,637	658886,34
<i>NP-056b:009</i>	632972,308	659110,684
<i>NP-056b:010</i>	632712,088	658959,874
<i>NP-056b:011</i>	632836,691	659012,072

Viðauki II: Minjakort



Raufarhöfn og nágrenni

Minjakort 1



Raufarhöfn

Minjakort 2



Minjar á sléttunni

Minjakort 3



Np-056:083

Np-056:087 16

Np-056:017A

Np-056:017B

Np-056:087 15

Np-056:087 14

Np-056:087 13

Np-056:087 12

Np-056:087 11

Np-056:087 10

Np-056:087 9

Np-056:087 8

Np-056:087 7

Np-056:087 6

Np-056:087 5


Np-056:087 4

Np-056:087 3

Np-056:087 2

Np-056:087 1

0 50 100 150 200 m



Grashóll

Minjakort 4



NP-056:082



NP-056b:009



NP-056b:011



NP-056:004B



NP-056b:005



NP-056b:004



NP-056b:001



NP-056b:002



NP-056b:003



NP-056b:004A



NP-056b:007



NP-056b:008



NP-056b:006

